

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JANÚAR 2007



1. tbl. 14. árg.



- bls. 4-5

Viðtalið



Þessi myndarlegi hópur útskriftaðist frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í lok haustannar þann 20. desember sl. Þetta var í 67. sinn sem nemendur voru útskrifaður frá FB.

Spilasalurinn sleginn af í Mjódd

Engar líkur eru á að spilasalur á vegum Háspennu Happraættis Háskóla Íslands verði opnaður í Mjóddinni. Borgaryfirvöld eiga nú í viðræðum við forsvarsmenn happraættisins um að þessari starfsemi verði fundin staður annarsstaðar.

Mikil andstaða er í Breiðholti um við hinn fyrirhugaða spilasal og mótmæltu yfir 2000 manns opnun hans með undirskrifum í desember. Íbúasamtökin Betra Breiðholt eru algerlega andvíg spilasal Háspennu og mikil andstaða er einnig á meðal þeirra sem annast verslanarekstur og aðra þjónustu í Mjóddinni. Eins og kom fram í síðasta Breiðholtsblaði reyndist ekki unnt að opna spilasalinn um

nýliðin áramót eins og ráð var fyrir gert vegna þess að Háspenna fékk ranga gerð af spílakössum afgreidda frá framleiðanda og varð að senda þá aftur af landi brott.

Málið kom inn á borð borgarráðs sem samþykkti tillögu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, borgarstjóra að skipa starfshóp til þess að fara yfir málefni spílasala og rekstur spílakassa í borginni bæði er varðar staðsetningu þeirra og hvort rétt væri að setja slíkra starfsemi sérstök skilyrði í lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri hefur einnig sent Háskóla Íslands bréf með samþykkt borgarráðs og farið þess á leit að happraættið hverfi frá

áformum sínum um rekstur spílasals í Mjóddinni. Borgaryfirvöld eiga nú í viðræðum við forstöðumenn happraættisins um að finna lausn á þessu máli þannig að spílasalur verði ekki opnaður í Mjóddinni, í nágrenni hennar eða í neinu af húsnæðum borgarinnar. Vilhjálmur segir að enginn óski eftir því að spílakössum verði fjölgað og tilkoma spílasalar af þessari gerð sé það versta sem komið geti fyrir Mjóddina á þá starfsemi sem þar fer fram. Hann benti á að breytingar hafi orðið í verslanakjarnanum í Mjóddinni á síðasta ári. Ríkisvaldið hafi ákveðið að flytja starfsemi heilsugæslunnar þangað sem þýði að tveimur vinsælum verslunum hafi verið sagt upp húsnæði og verslun ÁTVR hafi einnig verið flutt á brott auk þess sem nú eigi að opna spílasal í því húsnæði en ekki verslunarstarfsemi. Við það geti íbúar hverfisins, rekstrar- og þjónustuaðilar í Mjóddinni og borgaryfirvöld ekki unað. Vilhjálmur segir ljóst að Reykjavíkurborg geti þurft að bera einhvern kostnað af því að hætt verði við rekstur spílasalarins en það sé verjandi til þess að koma í veg fyrir að þessari starfsemi verði komið á fót. Af þessu má vera ljóst að spílasalurinn verði sleginn af - að starfsemi hans í Mjóddinni verði ekki að veruleika.

Apótekið í Hólagarði er opið:

mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14



Grafarvogli • Hólagarði • Hagkaup Skellunni • Hagkaup Akureyri



Úrvals þorramatur

Beint úr kjötbörðinu



Egils Pilsner
69 kr.



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins

Dreifing: Íslandspóstur

1. tbl. 14. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti



Enn um eldri borgara

Enn er full ástæða til þess að minna á málefni eldri borgara og nauðsyn þess að ríki og sveitarfélög taki þau til ræki-legrar endurskoðunar. Nokkuð hefur þegar verið gert en verkefnið er stærra en svo að það verði leyst í einu vettvangi. Hugmyndir um að heimilum, sem kallast elliheimili í dag, verði breytt í hjúkrunarheimili eru athyglisverðar. Með því yrði unnt að sinna fleira fólki sem þarfnast daglegrar hjúkrunar og umönn-unar og bíður margt eftir plássi á hjúkrunarheimilum. Til að svo megi verða þarf einnig að hyggja betur að aðstæðum eldra fólks, sem bæði vill og getur dvalið á heimilum sínum fái það nauðsynlega aðstoð til þess. Einnig þarf að taka tekjukerfi eldri borgara til endurskoðunar og draga úr þeim tekjutengingum sem viðgangast og skerða lífeyri fólks nánast um leið og það hefur einhverjar aðrar tekjur en ellilífeyri. Hugsunin að baki afkomutryggingu eldri borgara þarf að vera sú að þegar fólk hefur náð tilteknum aldri sé það búið að skila samfélaginu dags-verki sínu og eigi ellilífeyri sinn óskertan burtséð frá því hvort það vill eða getur aflað sér einhverra tekna með eigin vinnu eftir þann tíma. Hið opinbera og hið almenna atvinnulíf þurfa að taka höndum saman um að skapa skilyrði til sveigjanlegri starfsloka en nú tíðkast og innan atvinnulífsins þarf að vinna gegn þeirri æskudýrkun sem hrundið hefur mörgu eldra fólki út af vinnumarkaði stundum löngu áður það hefur talist tímabært.

Unnið gegn einsemd

Fsem nýlega bárust um að kona á tíræðisaldri í Reykja-vík hafi fundist á heimili sínu eftir að hafa verið þar látin í nokkrar vikur minnir á þörfina fyrir að finna eldra fólk sem býr einsamalt og hefur litla eða enga umgengni við aðra. Nú er unnið að undirbúningi slíks verkefnis í Breiðholtiinu. Því starfi ber að fagna í von um að það megi bera þann árangur að fréttir sem þessar þurfi ekki að berast samborgurunum. Vissulega get-ur verið erfitt að fyrirbyggja að slíkir hlutir verði en með mark-vissu starfi með eldri borgurum ætti að draga verulega úr þeirri hættu.

Vinna þarf á vettvangi stjórnmalaflokkanna

Ekki er enn ljóst hvort málefni eldri borgara koma til með að verða eitt kosningamála í komandi þingkosningum. Litlar líkur eru að til sérframboðs þeirra muni koma enda spurning um hvert gagn yrði í einum eða e.t.v. tveimur fulltrú-um 65 ára og eldri á Alþingi sem hefðu ekki neinn stjórn mála-flokkanna að baki sér. Mun vænlegra gæti orðið til árangurs að eldri borgarar beittu sér innan hinna hefðbundnu stjórn mála-flokka í aðdraganda kosninganna á þann hátt að málefni þeirra gætu náð inn í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar er taka mun til starfa að þeim loknum hvaða flokkar að henni munu standa. Samtök eldri borgara þurfa að beita þrýstingi á stjórn-málamenn og liðsmenn stjórn málaflokkanna, sem nálgast þann aldur sem um ræðir eiga að láta til sín taka á vettvangi sinna flokka. Án öflugs þrýstings og flokksstarfs af því tagi er hætt við að þessi mikilvægi málflokkur falli á milli skips og bryggju þegar bitist verður um áhersluatriðin í stjórnarsamstarfi að kosningum loknum.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Félagsbústaðir selja í Efra -Breiðholti

Félagsbústaðir stefna að því að selja 20 íbúðir í Efra-Breiðholti á þessu ári en 20 íbúðir við Fann-arfellið voru seldar í september og október á liðnu ári. Markmið-ið með sölu íbúðanna er fyrst og fremst að draga úr félagslegri eins-leitni í hverfinu. Yfirlýst stefna Félagsbústaða er að fækka íbúð-um í Fellahverfi en þær voru 196 talsins fyrir sölnu. Um 20% af íbúðum Félagsbú-staða hafa verið í Efra Breiðholti en aðeins um 8% til 13% í öðrum hverfum og er stefnt að því að hlutfall eigna í Efra-Breiðholti verði með svipuðum hætti og ann-ars staðar. Ákveðið var á árinu 2005 að berjast gegn félagslegri einsleitni og stefna í þá átt að íbúð-irnar séu ekki allar á sama stað og annast Félagsbústaðir stefnumót-um þeirrar vinnu. Félagsbústaðir fjölguðu leiguíbúðum sínum um 100 á síðasta ári en þá voru keypt-ar 125 íbúðir en 25 seldar. Stefnt er að því að fjölga íbúðum Félags-bústaða um 100 á ári fram til árs-loka 2010 með kaupum á íbúðum víðs vegar um borgina.

Gerður fer til rannsóknarstarfa

Gerður G. Óskaradóttir hefur látið af störfum fræðslustjóra Reykjavíkurborgar að eigin ósk en hún var ráðin til þess starfs fyrir rúmum áratug. Hún sagði tíma kominn til breytinga og að heppi-legt væri að skipta um starfsvett-vang þegar breytingar urðu á yfir-stjórn menntamála í borginni um sl. áramót. Þann 1. janúar sl. tók nýtt leik-skólasvið til starfa og starfsemi menntasviðs tók nokkrum breyt-ingum í framhaldi af því. Gerður G. Óskarsdóttir mun snúa sér að fræði- og rannsóknarstörfum og m.a. að vinnu að rannsóknarverk-efni fyrir Reykjavíkurborg um tengsl grunnskóla og leikskóla annars vegar og tengsl grunnskól-ans og framhaldsskólans hins veg-ar.

Heimilislausir undir þak

Gerður hefur verið samstarfs-samningur félagsmálaráðuneyt-isins og Reykjavíkurborgar um stofnun og rekstur heimilis fyrir heimilislauða í Reykjavík. Sam-starfssamningurinn felur í sér að félagsmálaráðuneytið og Reykja-víkurborg standa sameiginlega að því að koma á fót heimili með rúm fyrir 10 heimilismenn samtím-is, sem hvergi eiga höfði sínu að halla og geta ekki nýtt sér önnur úrræði. Heimilisfólk verður boðið uppá almenna og sérhæfða heilbrigð-is- og hjúkrunarþjónustu og heild-stæða félagslega ráðgjöf og stuðn-ing til þess að ná tökum á lífi sínu, meðal annars að sækja áfengis- og fíkniefnameðferð. Ekki verður þó gert að skilyrði fyrir dvöl á heim-ilinu að viðkomandi hætti neyslu. Félagsmálaráðuneytið og Reykja-víkurborg munu á samningstím-anum verja á bilinu 150 til 160 milljónum króna til stofnunar og rekstrar þessa heimilis. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára. Af hálfu félagsmálaráðuneyt-isins er verkefnið hluti af átaki til eflingar þjónustu við geðfatlað fólk. Skipulag þjónustunnar sem heimilið veitir byggist á niðurstöð-

um nefndar sem félagsmálaráð-herra skipaði og skilaði áliti í októ-ber 2005. Þá leggja ráðuneytið og Reykjavíkurborg áherslu á samstillt viðbrögð til úrbóta sam-vinnu og samráð allra þeirra aðila sem málið varðar.

Dregið úr laxveiði í Elliðaánum

Áformað er að draga enn frekar úr laxveiðum í Elliðaánum og hafa Orkuveita Reykjavíkur og Stanga-veiðifélag Reykjavíkur sameinast um að grípa til ráðstafana til tak-mörkunar á veiðunum. Nýlega greindist nýrnaveikismit í klaklaxi úr Elliðaánum og var hrognum undan þessum fiskum eytt. Nýrnaveiki er landlægur sjúkdómur í laxfiski hér á landi og greindist smit í óvenjumörgum ám á liðnu hausti. Af þeim sökum verður ekki unnt að sleppa göngu-seiðum í Elliðaárnar vorið 2008 en á undanförnunum árum hefur seiðum verið sleppt til að styrkja laxastofn ána. Ákveðið hefur verið að hámarksfjöldi veiddra laxa hvern hálfan dag sumarið 2007 verði þrír laxar í stað fjög-urra áður til þess að fjölga þeim lögum sem eftir verða í ánum til hrygningar. Gert er ráð fyrir að stytta þurfi veiðitímann í ánum sumarið 2008 og veiðar jafnvel takmarkaðar með öðrum hætti til verndunar laxastofnsins. Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar varðandi veiðina sumarið 2009. Munu ákvarðanir svo langt fram í tímann verða byggðar á mati sem unnt verður að fá með rann-sóknum á villtum gönguseiðum vorið 2008. 900 laxar voru veiddir í Elliðaánum á liðnu sumri. Þar af var 841 fiskur af náttúruleg-um stofni Elliðaána en 59 voru afrakstur seiðasleppinga.

Borginni dæmdar skaðabætur

Héraðsdómur Reykjavíkur hef-ur dæmt olíufélögin Ker hf, sem áður var Olíufélagið Esso, OLÍS og Skeljung til að greiða Reykjavík-urborg 72 milljónir króna í bætur vegna samráðs þeirra á niunda áratug síðustu aldar. Þá voru félög-in dæmd til að greiða Strætó bs. 5,8 milljónir vegna sömu saka og bera kröfurnar dráttarvexti frá apríl 2002. Borgin og Strætó stefndu olíu-félögunum vegna samráðs þeirra og krafðist fyrrnefndi aðilinn 138 milljóna króna í skaðabætur en Strætó 19 milljóna króna, samtals um 157 milljónir króna. Varakrafa borgarinnar var rúmar 72 millj-ónir og Strætós um 5,8 milljónir króna og varð héraðsdómur við þeim. Þá voru olíufélögin dæmd til að greiða um 1,2 milljónir króna í málskostnaði í máli borg-arinnar og um 100 þúsund krónur í máli Strætós.

Aldrei meira rífið

Aldrei hefur verið rífið meira af byggingum í Reykjavík en á liðnu

ári en þá var alls 51 bygging rif-in. Arið á undan telst einnig til metára að þessu leyti en þá voru rífnar 47 byggingar í borginni. Á meðal þeirra bygginga sem voru rífnar á árinu má nefna Hampiðjuhúsið, gömlu Lýsisverk-smiðjuna, Faxaskála, Raðfrysti-húsið við Mýrargötu, Tollvöru-geymslur og Oliubirgðastöðina við Héðinsgötu. Af þeim sökum varð til mikið magn af bygging-arúrgangi á árinu en hann er að mestu leyti urðaður í landfylling-um Faxaflóahafna. Mikið asbest var að finna í sumum þessara bygginga, þ.á.m. Brokeyjarhúsun-um við Austurbugt og í Olíustöð-inni við Héðinsgötu en asbest var notað við byggingar alveg fram undir 1970 hér á landi og finnst víða. Asbest telst til hættulegra efna vegna þess að þegar það brotnar þyrlast upp glernálar sem festast í lungum eftir innöndun og leiða oftast til dauða um 30 til 40 árum síðar. Allt asbest sem losnar við niðurrífi er urðað í Álfs-nesi. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisviði Reykjavíkurborg-ar hefur niðurrífi húsa fjölgað stöðugt á undan förnun árum þar sem rýmt hefur verið fyrir nýjum byggingum í stað eldri bygginga er þjónað höfðu hlutverki sínu.

Um 840 í viðtöl

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borg-arstjóri hefur rætt við tæplega 840 borgarbúa á því hálfá ári sem liðið er frá því að hann tók við embætti. Í upphafi kjörtímabilsins var borgarstjóri með viðtaltíma einn dag í viku, fyrir hádegi á mið-vikudögum en vegna mikillar eft-irspurnar hefur öðrum degi verið bætti við og tekur borgarstjóri nú einnig á móti viðtalsgestum fyrir hádegi á mánudögum. Enn komast færri að en vilja því yfir 100 manns voru á biðlista eft-ir viðtali fyrir jöl. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri telur viðtölin mjög mikilvægan hluta af starfi sínu því með því að ræða við borgarbúa fái hann margvís-legar upplýsingar um hin ýmsu mál sem eru borgarbúum hugleik-in. Hann kveðst reyna að greiða úr málum eða senda erindi til fag-sviða borgarinnar eftir eðli máls hverju sinni .

Þorsteinn í umferðar-þjónustuna

Þorsteinn Birgisson, rekstrar-tæknifræðingur hefur tekið við starfi tæknilegs rekstrarstjóra þjónustumiðstöðvar skrifstofu gatna- og eignaumsýslu Reykjavík-urborgar við Stórhöfða. Um 35 manns starfa hjá þjón-ustumiðstöðinni í nokkrum deild-um sem sinna einkum umferðar-merkingum, umferðarljósum, snjó-ruðningi, hálkueyðingu og fleiri þáttum er snerta umferðarmál. Þorsteinn sem er Siglfríðingur, fæddur 1951, nam rekstrartækni-fræði í Óðinsvéum. Síðastliðin 13 ár hefur hann unnið hjá Orku-veitu Reykjavíkur og Hitaveitunni, nú síðast sem deildarstjóri verk-efirlirts.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Fjöldi fólks bað Margréti um áritun

Tugir fólks víða að af landinu sendu bókina um sögu Margrétar Frimannsdóttur "Stelpan frá Stokkseyri" til Margrétar í pósti í bön um áritun. Fyrir utan það áritaði Margrét mikinn fjölda bóka þar sem hún kom fram og las upp úr sögu sinni fyrir nýliðin jól. Bókin um Margréti hefur vakið mikla athygli fyrir hispurslausa og hreinskilna frásögn og er nú nær uppseld hjá bókaforlaginu Hólum í Breiðholti sem gaf hana út.

"Mér finnst mjög athyglisvert að margt fólk skuli hafa sent bókina í pósti til að fá áritun og það sýnir að fólk hefur mikinn áhuga á sögu Margrétar," segir Guðjón Ingi Sigurðsson, bókaútgefandi í Hólum. "Margrét segir vissulega frá á persónulegum og einlægum nótum. Hvort sem hún fjallar um uppvöxt sinn, veikindi eða afskipti sín af stjórnmalun kemur einlæginn hvervetna í gegn. Hún dregur ekkert undan og ljóst er að stundum hefur sviðið undan frásögn hennar einkum þegar hún fjallar um stjórnmalin og átökin sem urðu í gamla Alþýðubandalaginu í aðdraganda að stofnun Samfylkingarinnar og síðar Vinstri grænna. Þessi sárindi hafi ekki síst komið fram í mjög svo ósmekklegum ummælum um Margréti á vefritinu Múrnum um liðin áramót. Margrét kemur til dyranna eins og hún er klædd hvort sem hún fjallar um persónuleg málefni sín og fjölskyldu sinnar eða stjórnmalin." Guðjón segist að öðru leyti vera mjög sáttur með bóksölu á liðinni vertíð. Auk bókarinnar



um Margréti hafi Fall Berlínar eftir breska sagnfræðinginn Antony Beevor selst mjög vel en þar dregur hann fram athyglisverða mynd af lokum heimstyrjaldarinnar síðari og einkum síðustu dögum

Þriðja ríkisins þýska. Hólar eru nú búnir að fá útgáfurétt að annarri bók Beevor og þýðing hennar er þegar hafin. Guðjón gerir ráð fyrir að hún muni koma út síðar á þessu ári og vekja athygli ekkert

síður en Fall Berlínar.

Aðalstórvirki Hóla á liðnu ári er þó hið vandaða verk um sögu biskupsstólanna á Íslandi, sem kom út á liðnu hausti. Bókin er um 900 blaðsíður að heimilda- og nafna-skrám meðtöldum. Í þessu mikla verki er saga biskupsstólanna í Skálholti og á Hólum í Hjaltadal rakin í viðamiklum atriðum. Vegna þess hversu stóran þátt kirkjan átti í þróun íslensks samfélags fyrir á öllum og um aldri má segja að

þarna megi finna umtalsverðan hluta Íslandssögunnar þar sem fjallað er um margar ákvarðanir er skiptu land og þjóð miklu máli. Guðjón Ingi Sigurðsson, útgefandi segir að ein sönnun þess um hver su mikinn fróðleik sé að ræða þá hafi verið ákveðið að Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands efni til námskeiðs byggðu á efni bókarrinnar og hefist námskeiðið 8. febrúar n.k.

25%

afsláttur

vega

blómstraðu brostu njóttu

Litrik bætiefni - einstök blanda

Vega inniheldur ekki: Matarím (gelatína) né tilbúin aukefni, litarefni, bragðefni, rotvamefni, korn, hveiti, glúten, sykurl, sterkju, salt, ger eða mjólkurafurðir.

Voaps

LYFJA

Lyfjaval

Álftamýri - Mjódd

Bilaapótek Hæðarsmára 4

Apótekið

Laugarnesapótek

RIMA APÓTEK

Árbæjarapótek

Siglingar Apótek

Krónan

Mosfellsbæ og Akranesi

Lífsins lind

Hagkaup Krunglunni

STÚDENTS- OG FLUGMANNSPRÓF Í EINUM PAKKA

FTÍ býður upp á 140 eininga stúdentspróf af náttúrufræðibraut þar sem einkaflugmannspróf er innifalið.

FLUGNÁM

LÁTTU DRAUMINN RÆTAST

Framtíð flugsins er björt og mikil eftirspurn eftir atvinnuflugmönnum víða um heim. Nú er því rétti tíminn til að láta drauminn rætast og læra flug!

- Einkaflugmannsnámskeið
- Atvinnuflugmannsnám
- MCC
- Flugkennaraáritun
- Upprifjun fyrir flugkennara
- Tegundarkennari TRI (MPA)
- Flugumsjónarnám
- Tegundarréttindi á Boeing, Airbus og fleira

Nánari upplýsingar að finna á www.flugskoli.is.

FLUGSKÓLI ÍSLANDS

FLUGSKÓLI ÍSLANDS

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS

TEKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

NÁM Í BOÐI

Nám í Fjöltækniskóla Íslands er fyrir þá sem vilja verða: vélstjórar, vélfræðingar hjá orkufyrirtækjum, flugmenn, skipstjórar eða vilja undirbúa sig fyrir háskólanám á tæknisviði.

- Náttúrufræðibraut. Stúdentspróf og veitir einnig vélstjórnar-, skipstjórnar- eða einkaflugmannspróf.
- Vélstjórnarbraut 1.-4. stig. Stúdentspróf og alþjóðleg vélstjórnarréttindi.
- Skipstjórnarbraut 1.-3. stig. Alþjóðleg skipstjórnarréttindi.
- Flugnám við Flugskóla Íslands.
- Varðskipadeild 4. stig skipstjórnar.
- Nám í rekstri og stjórnun. Diplómanám.

Umsókn má fylla út á www.fti.is
Nánari upplýsingar á heimasíðunni eða í síma 522 3300

V I Ð T A L I Ð

Mér leist strax vel á Seljahverfið

Sigtryggur R. Eypórsson eða Sigtryggur í XCO eins og margir þekkja hann er einn frumbýlinga í Seljahverfinu. Hann byggði hús við Akraselið á fyrri hluta áttunda áratugarins á sama tíma og hann var að hefja sjálfstæðan atvinnurekstur. Hann segir fjórtaða nóvember 1974 vera eftirminnilegan dag í lífi sínu vegna þess að þann dag hafi hann lokið við að gera hús sitt fokhelt og sama dag hafi yngri sonurinn fæðst. Sigtryggur hefur rekið inn- og útflutningsfyrirtækið XCO í nær 35 ár og er auk þess einn af frumkvöðlum í viðskiptum við Kína, sem voru sára lítil fram á áttunda tug liðinnar aldar. Hann hefur átt sæti í stjórn Íslensk- kínverska viðskiptaráðsins og veitti því formennsku um skeið. Hann hefur einnig átt þátt í að kynna Kína og kínverska menningu hér á landi með ýmsum hætti, m.a með útgáfu blaða í tilefni kínversku áramótanna á undanförunum árum. Kínversku áramótin eru að þessu sinni 18. febrúar þegar ár svínsins hefst. Breiðholtsblaðið leit til þessa gróna Breiðholtsbúa á dögunum og spurði hann fyrst hvað orðið hafi til þess að ungur maður, sem var uppallinn inni við Sund en síðar og lengst af í Vesturbænum hafi ákveðið að gerast frumbýlingur í þessu nýja hverfi sem skiptar skoðanir voru um hvernig myndi reynast að uppbyggingu þess lokinni.

Leist strax vel á Seljahverfið

“Ég var búinn að horfa eftir byggingarlóð í Reykjavík um tíma og hafði tvisvar sent umsókn. Önnur umsóknin var um lóð í Fossvoginum en hin í Stóragærði. Á þessum árum var mikil eftirspurn eftir byggingarlóðum og færri fengu en vildu. Ég fylgdi þessum umsóknum ekkert eftir hvorki með viðtölum við borgarfulltrúa eða eftir öðrum leiðum. Ég sendi svo þriðju umsóknina þegar farið var að úthluta lóðum í Seljahverfinu og fékk lóðina númer níu við Akraselið skömmu síðar. Lóðarúthlutunin kom mér satt að segja nokkuð á óvart vegna þess að þótt framboð á lóðum hefði aukist með tilkomu Breiðholtsins þá ýtti ég ekkert á eftir þessarar umsókn fremur en hinum fyrri. Vera má að tillit hafi verið tekið til þess að ég var búinn að sækjast eftir lóð í tvö skipti.” Þú hefur þá strax verið ákveðinn í að taka við lóðinni og byggja yfir fjölskylduna í þessu nýja hverfi sem sumir sögðust á þeim tíma aldrei myndu flytja í? “Já - ég var strax ákveðinn í því. Hinu er ekki að neita að ýmsir höfðu ákveðnar efasemdir um Breiðholtið á þessum tíma. Mönnum fannst þetta langt frá gömlu Reykjavík og aðrir settu hæð byggingarlandsins fyrir sig. Fólk hélt að gróður myndi ekki þrífast og að vetur yrðu mun snjóþyngri en þar sem lægra er. Akraselið er í 81 metra hæð yfir sjávarmáli en það hefur ekki komið í veg fyrir að gróður þrífist og Breiðholtið er ekkert snjóþyngra en mörg önnur svæði í borginni, a.m.k. ekki í öllu venjulegu árferði. Ég hafði aldrei neinar áhyggjur af þessu og taldi strax að þetta gæti orðið fallett og gróið hverfi þegar byggingu þess lyki sem hefur orðið raunin. Mér leist strax vel á Seljahverfið.” En það hefur ekki verið svona gróið þegar þú byrjaðir að byggja? “Nei - ég fékk lóðina 1973 og byrjaði að byggja vorið eftir. Þá var aðeins eitt hús við Akraselið. Gissur Þorvaldsson, sem þá var

framkvæmdastjóri Vöruflutningamiðstöðvarinnar og síðar Landflutninga hafði byggð á númer sjö en mín lóð var númer níu. Gissur var frumbýlingur í raun. Hann byggði nokkru á undan öðrum og húsið hans stóð eitt eins og “húsið á sléttunni” í einhverja mánuði en svo fór hverfið að rísa. Húsið okkar varð fokhelt um haustið og síðan fluttum við inn í það vorið 1976, talsvert hrátt eins og algengt var á þeim tíma þegar fólk var búið að selja ofan af sér upp í byggingakostnaðinn. Fólk flutti oftast inn um leið og það gat og lauk síðan við ýmis konar frágang bæði innan dyra og utan. Við lögðum talsvert upp úr því að laga til í kringum okkur og það sem sérstakt var að þrjár fjölskyldur, sem byggt höfðu hlið við hlið, ákváðu að skipuleggja lóðirnar saman. Það var fjölskylda Gissurar sem byggt hafði á númer sjö, við á númer níu, og Vigfús Björnsson, bakameistari, sem þá var annar af eigendum Breiðholtsbakarís, og byggt hafði á númer 11. Við fengum garðyrkjumeistara til þess að vinna þetta skipulag þannig að lóðirnar mynduðu eina heild. Við settum ekki upp neinar girðingar eða hekk til þess að aðskilja þær þannig að þær voru eins og einn garður. Þetta heppnaðist mjög vel og skapaði grundvöll fyrir góð samskipti og mikinn samgang við nágranna okkar. Börnin nutu þess líka að garðarnir voru eitt sameiginlegt leiksvæði. Rýmið var meira og það komu aldrei upp nein vandamál þótt þau léku sér svona yfir lóðamörk. Ég fékk gamlan kunningja minn, Jón Björnsson, arkitekt, sem starfaði lengi hjá Reykjavíkurborg til þess að teikna húsið fyrir mig. Ég var mjög heppin að því leyti vegna þess að Jón fann góða lausn á að fella húsið að umhverfinu og þetta hjálpaði okkur þegar kom að því að ganga frá lóðinni og tengja hana við nágrannalóðirnar.” Breytingin er því orðin mikil frá því þú stakkt fyrstu skóflustunguna? “Já - hún er mikil. Þetta voru holt og mórar umhverfis okkur í fyrstu og eitt sem ég veitti athygli á fyrstu árunum var hversu mikið var um smáflugur í Breiðholtiinu. Þær hafa að mestu horfið og eins mófuglar sem verptu hér út um allt. Það verpir þó einstaka fugl hér ennþá en ég held að heimiliskettirnir í hverfinu hafi átt sinn þátt í að hrekja þá á brott. Breiðholtið var auðvitað einskonar sveit á þess-



Sigtryggur R. Eypórsson.

um tíma og því þarf ekki að undra þótt þessi byggð mætti ákveðinni neikvæðni af hálfu gróinna borgarbarna í byrjun.”

Byrjaði í Kiwanis en held mig alltaf við sundið

Fljótlega tók margskonar félagslíf að þróast í Breiðholtiinu. Þú hefur tekið þátt í að efla það? “Já - ég hef tekið talsverðan þátt í félagslífi í Breiðholtiinu. Það byrjaði með Kíwanisklúbbnum Vífli sem allnokkrir Breiðhýltingar stofnuðu. Vífillinn starfaði af talsverðum krafti um árabíl en svo dróg smám saman út starfsemi hans. Menn fluttu til. Sumir fluttu úr hverfinu og aðrir höfðu nógu að sinna við störf og önnur áhugamál. Kíwanishreyfingin er alþjóðlegur félagsskapur og styrkir ýmis

góð málefni og ég veitti fjáröflunarnefnd hans forstöðu um tíma. Þá hófum við m.a. útgáfu blaðs. Kíwanisblaðsins Vífils, sem kom út tvisvar á ári um árabíl. Ég hef einnig starfað í Rotary félagsskap í Breiðholtiinu og hef í gegnum bæði þessi félög átt kost á að kynnst mörgu ágætu fólki hér í hverfinu. Ég held að félagslíf af þessum og öðrum toga innan hverfanna sé nauðsynlegt. Það gefur fólki tækifæri á að kynnst og það myndar meiri samheldni hverfisbúa. En ef við hverfum að óformlegra félagslífi þá höfum við hjónin stundað sund í mörg ár og alltaf notað Breiðholtslaugina eftir að hún var byggð. Við byrjum daginn oft á sundferð eins og reyndar margir gera og við höfum eignast ágæta kunninga í sundinu. Sama folkið kemur dag eftir dag, fær sér

sundsprett, slakar á í pottunum og spjallar saman. Málefni dagsins eru þá oft tekin til umræðu og hver hefur sína skoðun en það hefur ekkert með kunningsskapinn að gera. Hann er alveg jafn góður þótt mönnum sýnist misjafnt í hinum ólíklegustu málum.”

Stórar ákvarðanir á sama tíma

Leið þín lá að viðskiptum og þú tókst að þér að veita nýstofnuðu fyrirtæki forstöðu um svipað leyti og þú ákvaðst að gerast Breiðhýltingur. Voru þetta ekki tvær stórar ákvarðanir á sama tíma? “Það má segja það. Nokkru áður hafði ég ásamt þremur félögum mínum úr Vesturbænum ákveðið að stofna fyrirtæki. Við höfðum gengið saman í skóla og alið þann draum með okkur að stofna fyrirtæki á sviði verslunar og viðskipta. Við unnum síðan saman að undirbúningsstarfi en þremur árum eftir að við stofnuðum fyrirtækið var ljóst að ætti eitthvað að verða úr þessu yrði einhver okkar að helga sig því af fullum krafti. Ég hafði starfað við heildverslun um tíma og ákvað vorið 1974, sama vorið og ég var að hefja byggingarframkvæmdir í Akraselinu, að segja starfi mínu laus og takast á við að byggja fyrirtækið upp. Við fluttum starfsemi þess af Laugavegi 3, þar sem við höfðum haft skrifstofuaðstöðu, í húsnsæði við Vesturgötu 53b í Reykjavík. Með því var ég svona hálfpartinn að flytjast heim því ég hafði alist upp í þessu húsi frá því fyrir fermingu og þar til að ég flutti að heiman eins og það er kallað. Húsnæðið sem fyrirtækið hafði til umráð fyrstu árin var ekki stórt. Um 35 fermetrar auk gleymsluplássi í kjallara sem tæpast var manngengur. Því má segja að vart hafi verið hægt að byrja með minna. Við vorum þar þó sex ár en fluttumst þá í Búðargærði þar sem verslunin Kjöttborg hafði áður verið, þaðan sem leiðin lá síðar inn að Sundum; fyrst í Skútuvoginn og síðan í Vatnagarðana. Með því má segja að ég hafi enn verið að fara heim því athafnahverfið við Sundin er ekki langt frá fyrra bernskuheimili mínu sem var við Skipasundið. Fyrstu verkefni okkar á sviði viðskipta var innflutningur á vefnaðarvöru, þrjónagarni og teppum en fljótlega fórum við að fást við innflutning á matvöru.”

Allt annað viðskiptaumhverfi

Viðskiptaumhverfið hefur verið með öðrum hætti á þessum árum en nú? “Það var með allt öðrum hætti. Á þessum árum voru engar lágvöruverslanir til eða stórmarkaðir í því formi sem við þekkjum í dag og fáar verslanir stunduðu beinan innflutning. Hlutverk heildverslunarinnar hefur því breyst en er þó að mínu mati hvergi lokið. Ég sé ekki fyrir mér að þessi hluti verslunarinnar hverfi endanlega af sjónarsviðinu þótt hlutverk hans hafi breyst og muni áfram breytast með breyttum heimi.” Þið byggðuð fyrirtækið ekki alfaríð á innflutningsverslun heldur fóruð fljótlega að leita fyrir ykkur með útflutning sem heildverslanir gerðu fremur lítið af á þeim tíma? “Það er rétt. Við höfðum ákveðið það strax í byrjun að halda þeim möguleika opnum og fórum fljótlega að athuga möguleika á útflutningi á æðardún og einnig á vorkópaskinum. Skinnamarkaðurinn dróst þó fljótlega saman einkum vegna mikillar gagnrýni á selveiðar sem náttúruverndarsinn-



Sigtryggur með starfsfólki á Búðargærðisárum XCO. Fr.v. Ralph T. Hannam, Ásgeir Þórðarson, Sigtryggur, Margrét Gunnarsdóttir og Ingólfur Kristmundsson. Yst til hægri má sjá málverk af húsinu við Vesturgötu 53b þar sem Sigtryggur hóf störf fyrir XCO á sama tíma og hann hóf að byggja í Seljahverfinu. Foreldrar hans, Eypór Magnús Bæringsson, kaupmaður og Fjólá Jósefsdóttir bjuggu í húsinu um margra ára skeið.

ar hrundu af stað í lok áttunda áratugarins. Ég sá hins vegar fyrir mér að í æðardúninum ættu við ákveðna auðlind. Náttúrulega afurð sem auðvelt væri að nota til þess að framleiða lúxusvöru. Í fyrstu var dúnninn einkum seldur til Þýskalands en síðar opnaðist markaður fyrir hann víðar, einkum í Japan. Japansmarkaðurinn skapaði líka nokkuð gott verð.”

Kínaviðskiptin hafa margfaldast

Á þessum tíma hefur þú væntanlega átt viðskipti við marga aðila víðs vegar að eins og gengur en eitt vekur þó sérstaka athygli sem er brautryðjendastarf þitt í viðskiptum við Kína. Hvað kom til að þú fórst að beina athyglinni þangað? “Þetta byrjaði með því að við fórum að flytja niðursoðið grænmeti og ávexti frá Kína, einkum sveppi. Íslendingar höfðu þá lítið notað sveppi til matargerðar en síðan hefur svepparækt farið af stað hér á landi og ferskir innlendir sveppir orðnir vel þekktir á borðum landsmanna. Við fórum að þreifa okkur áfram og kanna hvaða aðrar vörur gætu hentað á markað hér á landi og þetta innflutningsstarf vatt upp á sig og óx hratt. Við fluttum m.a. ýmis verkfæri frá Kína og einnig vefnaðarvöru auk matvörunnar. Eitt af því sem við höfum innflutning á frá Kína voru Blue Dragon matvörunnar. Þetta er mjög þekkt vörumerki frá Austur Asíu en hafði ekki verið á boðstólum hér á landi. Með tímanum urðu þessar vörur ein megín uppistaðan í innflutningsverslun okkar auk Caza Fiesta matvöru frá Mexíkó. Á sama tíma var fólk farið að flytjast hingað frá Austur Asíu, m.a. frá Vietnam. Sumar þessar fjölskyldur opnuðu veitingahús sem buðu austurlenska rétti og átti þetta hvað með öðru

þátt í að auka vinsældir austurlenskrar matargerðar og festa hana í sessi hér á landi.”

Engir nýgræðingar í viðskiptum

Þrátt fyrir þá sögu sem Kínverjar eiga að baki eru þeir engir nýgræðingar í viðskiptum? “Þeir hafa lengi stundað viðskipti og dæmi um það má nefna Kanton-sýninguna sem er 50 ára gömul. Sú sýning fór fyrst fram 1956. Það eru haldnar tvær sýningar á ári þannig að sýningarnar eru orðnar eitt hundrað. Nú eiga mörg fyrirtæki viðskipt við Kína og á annað hundrað fyrirtæki hér á landi eiga aðild að Íslensk-kínverska viðskiptaráðinu sem var stofnað 1995.” Þú áttir þátt að stofnun þess? “Já - ég vann að því ásamt fleirum sem farnir voru að skipta við Kínverja. Okkur var ljóst að með þeirri opnun, sem orðin var í kínversku viðskiptalífi gæti verið um margvísleg viðskiptatækifæri að ræða eins og komið hefur á daginn því Kína er orðið eitt af efnahagslegu stórveldunum. Í fyrstu var einkum um innflutningsverslun að ræða og viðskipta-jöfnuðurinn við Kína var okkur mjög óhagstæður. En þetta hefur verið að breytast. Við höfum gert samninga við Kínverja um uppbyggingu orkuvera og fleira mætti nefna.” Hverju er það að þakka að við höfum náð að auka útflutning til þessa risa? “Ég tel að þar komi markvisst kynningarstarf til. Ísland opnaði sendiráð í Beijing 1995 og um sama leyti fór Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti Íslands, þangað í opinberra heimsókn. Utanríkisþjónustan og útflutningsráð hafa síðan fylgt þessu eftir með öflugum starfi auk þeirra fyrirtækja sem tekið hafa þátt í því og leit að viðskiptatækifæra. Sem dæmi



Saga XCO gæti heitið “Frá Vesturgötu í Vatnagarða” þar sem núverandi húsnæði fyrirtækisins stendur.

um árangur af því má nefna að útflutningur til Kína nam aðeins um 70 milljónum króna á árinu 1996 en hækkaði upp í hálfan milljarð strax árið eftir eða meira en sjöfaldaðist á milli ára og hefur farið vaxandi síðan.”

Ekki sama Kína

Margt hefur breyst í Kína á tveimur áratugum. Er þetta sama Kína í dag og það Kína sem þú byrjaðir að eiga viðskipti við? “Nei - ekki er hægt að tala um það sem sama landið ef miðað er við þær þjóðfélagsbreytingar sem hafa orðið. Ég hef farið nokkrum sinnum til Kína og stundum hefur verið erfitt að þekkja sig aftur. Svo miklar eru breytingarnar á skömm-

um tíma. Heilu borgarhverfin hafa horfið og ný verið byggð í þeirra stað. Enda stundum talað um Kína sem land byggingakrananna. En þetta á sér enn sem komið er einkum stað á austurströndinni þar sem stóru borgirnar eru. Inn í landinu er enn margt sem minnir á gamla Kína. Þar er stundaður búskapur til sveita eins þeir hafa gert í gegnum aldirnar og segja má að þar sé annað efnahagskerfi og verðlag - eiginlega allt annað þjóðfélag. Þetta verður í raun verkefni þeirra á næstu árum og áratugum að leiða nútímann frá ströndinni og inn í landið.”

Liður í fjölmenningu

Þú hefur lagt nokkuð uppúr því

að kynna Kína og kínverska menningu hér á landi, m.a. með því að vekja athygli á kínversku áramótunum, sem byggja á öðru tímatali en okkar. Hvað kom til að þú fórst að halda upp á þessi áramót? “Ég tel að kynningarstörfin þurfi að vera gagnkvæm og jafnframt því sem við kynnum Kínverjum Ísland og það sem íslenskt er þá þurfum við að kynna Kína og kínverska menningu hér á landi. Kínverska tímatalið á sér merkilega sögu og er hluti af menningu þeirra þótt þeir noti einnig latneska tímatalið og þá einkum í samskiptum við vesturlönd. Kínverjar hengja upp latnesk dagatöl en halda svo upp á áramótin að gamalli hefð eftir tungltímatalinu. Hluti af þeirri kynningu að minnast kínversku áramótanna hér á landi, sem eru tilefni mikilla hátíðahalda á meðal Kínverja sem minna um sumt á jóla- og áramótahald okkar. Fólk tekur sér frí og gerir sér dagamun í mörgu - meðal annars með því að heimsækja áttaga sína. Kínverska tungltímatalið á rætur til ársins 2637 fyrir Krist þegar Huang keisari, lét innleiða tímatal, sem byggt var á hring tunglsins í kringum jörðina. Heiti árána eru síðan fengin úr dýrahringnum og bera því öll dýraheiti. Sagan hermír að Buddha hafi boðið dýrum jarðarinnar til kveðjustundar áður en hann yfirgaf jarðlífið en aðeins 12 þeirra þegið boðið. Þau hafi síðan hlotið að launum að nöfn árána bæru heiti þeirra. Hvert árheiti er því endurtekið á 12 ára fresti. Ár galtarins er næst í hringnum og hefst 18. febrúar næst komandi.” Heldurðu að kínversku áramótin eigi eftir að festast í sessi sem árlegur viðburður hér á landi? “Ég hef trú á því. Hér býr margt fólk af austurlenskum uppruna sem ýmist þekkir þessi áramót eða á rætur til þeirra. Við höfum einnig tekið ýmislegt austurlenskt upp í lífsháttum okkar og nægir þar að nefna margvíslega matargerð og margskonar heilsustarfsemi sem Íslendingum hefur fallið vel í geð. Þá eigum við stöðugt í auknum samskiptum við þennan heimshluta. Allt þetta hefur auðgað mannlíf og tilveru í því fjölmenningsamfélagi sem er að mótask hér á landi. Ég tel því verkefni bæði fólks, sem á rætur að rekja til Austur Asíu og einnig okkar sjálfra að sýna þessum merku tímamótum áhuga og virðingu og minnast þeirra á þann hátt að um árlegan viðburð geti orðið að ræða. Þess má að lokum geta að margt fólk af asiðskum uppruna hefur fest rætur í Breiðholtiinu og myndar að hluta þann fjölmenningslegan brag sem er orðin á þessu stóra hverfi.”

Hér er ég!

Mjódd

Smiðjuvegi

Nóatúni 17

Apótekarinn

-lyf á lægra verði!

Magnús Rósmar og Guðmundur Rósmar synir Sigtryggs á vörukynningu snemma á níunda áratugnum. Verið er að kynna Fisherman's Friend hálstöflurnar eða brennið sem XCO seldi mikið af á þeim árum.

SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASÉLI 6 • EFRA BREIÐHOLTÍ (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700
Fax 587 4712

Ingibjörg Haraldsdóttir á ritþingi Gerðubergs

Menningarmiðstöðin Gerðuberg stóð fyrir ritþingi sl. laugardag þar sem fjallað var um æfi og ritstörf Ingibjargar Haraldsdóttur, rithöfundar og þýðanda. Stjórn ritþingsins var í höndum Silju Aðalsteinsdóttur en henni til aðstoðar voru Áslaug Agnarsdóttir og Jón Karl Helgason. Ingibjörg er löngu þekkt í heimi bókmenntanna, bæði fyrir skáldskap en ekki síður þýðingar þar sem hún hefur m.a. lagst í að þýða stórvirki rússneskra bókmennta - verk höfunda á borð við Dostojevski og Bulgakov.

Ingibjörg er Reykvíkingur í húð og hár. Fædd á stríðsárunum og ólst upp í þeim heimi sem einkenndi þann tíma í Reykjavík þar sem afstaðan til stjórnmálanna skipti fólki gjarnar í fylkingar eftir því hvað isma það aðhylltist. Á ritþinginu svaraði Ingibjörg spurningu Silju Aðalsteinsdóttur um pólitíska afstöðu fjölskyldu sinnar undanbragðalaust og sagði “við vorum kommar” og lýsti síðan uppeldi sínu nokkuð í 25 fermetra kjallaraíbúð á horni Grettisgötu og Snorrabrautar með gluggalausau eldhúsi og klósetti frammi á gangi. Á nærfærinn en dálítið gamansaman hátt dróg hún áheyrendum inn í þann heim sem sósíalísk alþýða þessara ára lifði í þar sem vonin um betra líf og áhugi á skáldskap og menningu var aðal áhugamálið. Hún fjallaði einnig

um nánasta umhverfi æsku sinnar, bíóreitinn svokallaða þar sem Austurbæjarbíó og Stjörnubíó mynduðu umgjörðina og Hafnarbíó var síðan í herbragga litlu neðar. Bíóferðirnar voru því óteljandi og lögðu að hennar sögn grundvöll að því að hún hélt til náms í kvikmyndagerð í Moskvu að loknu stúdentsprófi úr MR. Reyndar bætti hún því við að sunnudagsbíósýningarnar í MÍR salnum á Lindargötunni hefðu einnig komið við þá sögu þar sem um nánast skyldumætingu hafi verið að ræða. Ljóðagerðin er Ingibjörgu hins vegar borin í blóð og á ritþinginu sagði hún frá ást föður síns á ljóðum og yrkingum hans sem hann hafði þó aldrei vilja flíka hvað þá heldur að gefa úr. Því urðu ljóð hans ekki heyrnum kunn fyrr en að honum látnum að börn hans stóðu að útgáfu þeirra.

Ingibjörg lýsi æsku sinni nokkuð ýtarlega á ritþinginu. Kvaðst alin upp á róttæku heimili og það hefði fylgst sér út í lífið. Hún hefur greinilega verið dulitill bóhem í sjálfri sér og farið nýjar leiðir af stúlku af hennar árgangi fæddri 1942. Hún stundaði hið pólitíska félagslíf að sögn á menntaskólaár-unum eða eins og hún komst að orði “ég ól mig upp í Tjarnargötu og á börunum” og átti þar við félagsheimili Æskulýðfylkingarinnar og trúlega Naustið en þá hafði kráarmenning í Reykjavík ekki náð því hámarki sem yngra



Ingibjörg Haraldsdóttir á ritþinginu í Gerðubergi.

fólk þekkir. Hún viðurkenndi einnig að hafa snemma farið að

fast við ljóðgerð en verið treg til þess að birta nokkuð eftir sig og

sagði fyrsta ljóðið sitt, sem hún orti 12 ára, verið einskonar óð til Austurbæjarskólans þaðan sem hún hafi tekið fullnaðarpróf. Það hafi ekki fyrr en Jón frá Pálmholti, skáld og formaður leigendasamtakanna til margra ára, hafi hvatt sig til þess að birta ljóð sín að hún hafi látið til leiðast. Jón hafi farið með sér til Einars Braga, sem þá hafi búið í Unuhúsi og verið ritstjóri Birtings, sem ekki hafi birt sig til þess að birta ljóð sín að hún hafi staðið upp eftir að hafa lesið það sem hún hafi haft með sér, gengið að skáp, dregið út skúffu, tekið upp peningakassa, tekið þaðan þrjá seðla og fengið sér með þeim orðum að þetta væru hennar fyrstu skáldalaun.

Ingibjörg hefur ekki aðeins verið skáld heldur afar afkastamikill þýðandi þar sem verk hennar telja tugi. Hún hefur þýtt bæði skáldsögur, smásögur, leikrit og ljóð. Hún hefur einnig þýtt úr ýmsum tungumálum en vegna veru hennar í Moskvu lærði hún rússnesku. Hún hefur einnig búið á Kúbu og þýtt verk úr spænsku auk þess að hafa þýtt ljóð sænska rithöfundarins Tomas Tranströmer. Auk þýðingar- og margvíslegra ritstarfa hefur Ingibjörg tekið umtalsverðan þátt í félagsmálum rithöfunda. Hún var formaður Rithöfundasambands Íslands frá 1994 til 1998 en sat í stjórn samtakanna frá 1992. Hún hefur verið í ritnefnd Tímarits Máls og menningar og starfað þar að aðstoðarritstjórn um tíma og á nú sæti í ritnefnd tímaritsins Jóns á Bægisá svo nokkurs sé getið.



Gestir á ritþinginu hlusta á frásögn Ingibjargar. Fremst sitja fr.v.: Pröstur Haraldsson, ritjóri og bróðir Ingibjargar. Gerður G. Óskarsdóttir, fyrrum sviðsstjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar, Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrum alþingismaður og Sveinn Einarsson, menningarfrömuður og fyrrum leikhússtjóri.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurlífið 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfiðrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkyrningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líf flutningar

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Ég hef alltaf verið mikill lestrarhestur og það að setjast niður með góða bók og lesa er eitt það skemmtilegasta sem ég geri. Ég les líka alltaf áður en ég fer að sofa, og get helst ekki sofnað nema ég geti lesið svolítið fyrst. Annað sem er mjög skemmtilegt að gera er að fara í bókabúðir. Að standa innan um allar þessar spennandi bækur og velja eitt-hvað til að fara með heim - hrein sæla! Ég var í London um áramótin og átti þar mikla unaðsstund í bókabúð og kom út með 8 bækur. Ein af þessum bókum er Tipping the Velvet eftir konu sem heitir Sarah Waters. Þetta er saga sem gerist um 1890 í London og segir frá ungri konu sem flyst til London með vinkonu sinni. Sagan segir frá sambandi hennar við þrjár mjög athyglisverðar og ólíkar konur. Þetta er mjög skemmtileg saga og áhugavert að lesa um þennan tíma í London. Ég hlakka til að lesa fleiri bækur eftir sama höfund, en hún hefur m.a. skrifað bók sem heitir Fingersmith sem ég hef lesið að sé mjög athyglisverð.

Önnur bók sem ég hef lesið nýlega er Paula Spencer eftir hinn frábæra Roddy Doyle. Hún er



Guðný Pálsdóttir

framhald bókarinnar The Woman Who walked Into Doors sem er ein af mínum uppáhaldsbókum. Hún er um Paulu, húsmóður í úthverfi í Dublin, sem er alkóhólisti og gift manni sem lemur hana. Seinni bókin gerist tíu árum síðar og segir frá hvernig Paulu hefur gengið og sambandi hennar við börnin hennar. Þetta er alveg dásamleg persóna, mjög sérstök og áhugaverð og að lesa framhaldið af sögunni um Paulu Spencer var eins og að hitta góða vinkonu

aftur eftir langan tíma.

Undanfarið hef ég verið að endurlesa bækur eftir einn uppáhaldshöfund minn sem er hin kanadíska Margaret Atwood. Hún er alveg frábær og sérstaklega finnast mér athyglisverðar tvær bækur sem hún lætur gerast í framtíðinni. Annars vegar er það The Handmaid's Tale og hins vegar Oryx and Drake. Þarna setur Atwood fram mjög svo skuggalegar hugmyndir um framtíðina, en þær eru kannski ekki svo fjarri lagi miðað við hvernig við höfum okkur í nútíðinni.

Önnur kanadísk Margaret sem er í miklu uppáhaldi hjá mér er Margaret Laurence. Ég kynntist bókunum hennar þegar ég var í ensku í Háskólanum og er þetta einhver sá albesti höfundur sem ég hef lesið bækur eftir. Hún hefur skrifað bækur eins og The Diviners, The Stone Angel og A Jest of God, sem eru hver annarri betri. Alveg stórkostlegur höfundur sem að ég mæli sérstaklega með.

Að lokum skora ég á Margrėti Gestsdóttur að segja frá því sem hún er að lesa í næsta blaði.



Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Sjónatækjafraeðingur með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími: 568 1800

glerauga@simnet.is
www.glerauga.is

Útskrift í FB

Útskrift á haustönn í Fjölbrauta-skólanum í Breiðholti fór fram í Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 20. desember. Í yfirlitsræðu Kristínar Arnalds, skólameistara, kom fram að þetta var í sextugasta og sjötta sinn sem nemendur eru útskrifaðir frá skólanum. Nú voru 148 lokaprófsskírteini afhent. Bestum árangri á stúdentsprófi nú náði Agnes Guðríður Agnarsdóttir. Gaman er að nefna að aldrei hafa fleiri sjúkraliðar verið útskrifaðir frá skólanum en á þessari önn, eða 39. Er það ánægjulegt í ljósi umræðu um aukna þörf fyrir fólk í stéttinni. Í haust voru tuttugu ár liðin frá því að farið var að kenna snyrtifræði við FB og var þeim tímamótum fagnað með vinum og velunnurum.

Skólameistari ræddi fjölbreytileika FB og benti m.a. á að algengt væri að nemendur með stúdentspróf eða burtfararpróf, frá hinum ýmsu skólum, kæmu í FB til að bæta við sig áföngum eða jafnvel heilu brautunum. Þarna sé dæmi um stöðuga þróun og endurmenntun. Þá ræddi hún ábyrgð og skyldur framhaldsskólanna gagnvart nýbúum og sagði að FB myndi sinna þeim í auknum mæli á næstu misserum.

Unnið er að hinum ýmsu þróunarverkefnum í FB. Skólinn tek-

Fleiri geta notið afsláttar

Borgarráð hefur samþykkt tillögu borgarstjóra um aukinn afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og holræsagjaldi. Samþykktin felur í sér verulegan ávinning fyrir fjölda elli- og örorkulífeyrisþega.

Með samþykktinni hefur borgarráð ákveðið að viðmiðunartekjur verði hækkaðar um 20% á milli áranna 2006 og 2007. Gert er ráð fyrir að allt að 550 fleiri tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar muni þannig geta notið afsláttar eða fullrar niðurfellingar fasteignaskatts og holræsagjalds í Reykjavík frá því sem verið hefur. Á árinu 2007 munu allt að 4700 elli-lífeyrisþegar njóta þessa afsláttar. Skilyrði lækkunar er að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi lögheimili í Reykjavík og séu þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar. Einungis verður veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Á undanförunum árum hefur afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega tekið mið af hækkunum á lífeyrisgreiðslum í almenna bótakerfinu. Gert er ráð fyrir að almenn hækkun á elli- og örorkulífeyrisbótum sé 6% ef miðað er við forsendur Tryggingarstofnunar vegna ársins 2007. Borgarráð ákvað hins vegar að hækka tekjuviðmiðið um 20% í stað 6% þannig að fleiri muni geta notið afsláttarins.

ur einnig þátt í evrópskum samstarfsverkefnum, sem m.a. gefa nemendum og kennurum kost á að heimsækja kollega í útlöndum og bjóða þeim hingað heim. Í innra starfi er rétt að nefna innleiðingu Moodle- námsstjórnunarkerfisins, sem stýrt er af kennurum UT-brautar. Þessi vinna hefur gengið afar vel og hafa aðrir skólar sóst eftir ráðgjöf og námskeiðahaldi í tengslum við kerfið.

Ákveðið hefur verið að byggja við skólann og hlakka kennarar og nemendur mjög til þess, því víða hefur aðstaða verið ófull-

nægjandi. Framkvæmdir hefjast vonandi á næsta ári og binda allir í skólanum miklar vonir við framgang þessa máls.

Skólanum bárust að venju góðar gjafir frá ýmsum hollvinum. Þar má nefna Samtök iðnaðarins, Soroptimistaklúbb Hóla og Fella, Gideonfélagið, Bókmenntafélagið Drápuhlíð og Reykjavíkurdeild sjúkraliðafélagsins. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti á sér marga góða bandamenn og stuðningsaðila og er það ómetanlegt í skólastarfinu.



Stórir útsala

20-90%

afsláttur

Dæmi:

	Útsöluverð frá	Verð áður	Afsláttur
Gardínefni	300 kr./mtr.	1.500 kr./mtr.	-80%
Fataefni	100 kr./mtr.	1.000 kr./mtr.	-90%
Sængurverasett	500 kr./stk.	2.990 kr./stk.	-83%
Fermani handklæði 67x140 sm	730 kr./stk.	970 kr./stk.	-25%

20% afsláttur af GARNI í Mjóddinni, Reykjavík

GARDÍNUBÚÐIN

Parabakka 3 • Mjóddinni • Reykjavík • Sími 553-5677
Skipagötu 18 • Akureyri • Sími 461-7878

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 &
895 8298
borgarblod@simnet.is
borgarblod.is

Fjölpættur framhaldsskóli á gömlum grunni

Fjöltækniskóli Íslands var stofnaður á árinu 2005 en forverar hans voru Stýrimannaskólinn, sem var stofnaður seint á 19. öldinni og Vélstjórnarskólinn, sem var stofnaður 1915, og oft voru nefndir í einni og sömu andrúnni og kallaðir Sjómannaskólinn þótt um tvær stofnanir væri að ræða.

Hinn nýi skóli er til húsa í hinu virðulega húsi “sjómannaskólans” með klukkuturnunum á Háteigs-hæðinni og nýtir þar bæði hús og búnað hinna eldri stofnana auk þess sem lagt hefur verið í umfangsmikið viðhald á húsinu og því lokið utan dyra. Í klukkuturninum er m.a. kennslustofur í siglingafræðum þar sem hægt er að horfa á radara og GPS staðsetningartæki og læra allt um þann búnað en turninn var upphaflega byggður sem radarstöð þótt hann gegni einnig veigamiklu hlutverki við að móta ásynd byggingarinnar og umhverfisins. Nú hefur gamla klukkuverkið sem keypt var frá Bretlandi á sínum tíma verið lagt til hliðar og rafeindabúnaður stýrir skífuvísunum fjórum sem eru á hliðum turnsins. Enn má þó sjá för í gólfi eftir klukkuverkið og öxlar sem snéru skífuverkinu eru enn í húsinu. Í útihúsum Fjöltækniskólans er allskyns vélbúnaður, skipavélar af ýmsum stærðum og frá ýmsum tímum, flestar gangfærar en nokkrar sundurteknar og notaðar til kennslu. Í skólanum er einnig að finna fullkomna siglingaherma og nú býður skólinn bóklegt flugnám til einkaflugs og atvinnumennsku í fyrsta sinn á nýrri námsbraut.

Stóraukin áhersla á bóklega námið

Þótt hinar gömlu kennslugreinir skipi enn veglegan sess í starfi skólans þá er ekki síður lögð áhersla á nýjungar og þá ekki síst þá að skólinn er nú hefðbundinn framhaldsskóli með náttúrufræðibraut. Samhliða stúdentsprófi geta nemendur útskrifast með annars stigs vélstjórnarréttindi. Eftir tvö ár á náttúrufræðibraut

geta nemendur farið í fullt skipstjórnar og vélstjórnánám og ljúka þá stúdentsprófi með 160 til 162 námseiningum. Bóklegt og verklegt nám við skólann er því í sumum tilfellum jafnframt starfsnám sem gefur nemendum góða atvinnumöguleika auk þess sem námið er góður undirbúningur undir háskólanám á raungreinastigi á borð við tækni- og verkfræðinám. Stúdentsprófið byggist upp á fjórum megin sviðum; véltækni, raftækni, skipstækni og flugtækni en skólinn er engu að síður einnig fullkomlega hefðbundin framhaldsskóli þar sem skólastjórnenndur leggja vaxandi áherslu á hið bóklega nám.

Flugnámið er nýjung

Fjöltækniskólinn er sjálfseignastofnun og með þjónustusamningi við ríkið líkt og aðrir framhaldsskólar þannig að nemendur finna ekki mun á hvert rekstrarformið er og skólagjöld eru ekki önnur en annarsstaðar á framhaldsskólastiginu. Eigendur hans eru Landsamband íslenskra útvegsmanna, Félag íslenskra kaupskipaútgerða og Samorka, sem er regnhlífar-samtök aðila sem framleiða raforku og selja heitt og kalt vatn. Skólinn á sér því öfluga bakhjarla úr atvinnulífinu. Haukur Gunnarsson, deildarstjóri og námsráðgjafi Fjöltækniskólans, segir að með breyttum tímum hafi hlutverk hinna öldnu forvera hans breyst. Nemendum gömlu skólanna hafi verið farið að fækka þar sem námið hafi ekki svarað kröfum tímans nægilega vel og einskorðast um of við siglingar. Nú séu gerðar aðrar og meiri kröfur til skipsstjórnarmanna en yar og ekki síður vélstjórnanna. Á árum áður hafi flestir vélstjórnar starfað á sjó en nú vinni um 70% þeirra í landi bæði hjá orkufyrirtækjunum og einnig ýmsum aðilum í atvinnulífinu sem þurfa á vélgæslu að halda. Haukur segir að skipstjórnarnám sé mun umfangsmeira en að læra að stýra skipum og að rata um heiminn. Verulegur þáttur þess byggist á stjórnunarnámi. Skipstjórnarstarfið byggist einnig upp á að stjórna fólki auk þess að meðhöndla



Haukur Gunnarsson, deildarstjóri og námsráðgjafi við radar í radarstofunni í turnbyggingu skólans.



Kennslustund í rafmagnsfræði en sú fræðigrein er stór hluti véltæknináms.

gríðarleg verðmæti. Þriðja skipstjórnarstigið gefur full alþjóðleg réttindi til þess að stjórna öllum venjulegum skipum og fjórða stigið gefur réttindi til þess að stjórna varðskipum en til náms er efnt eftir þörfum og er nú verið að fara af stað með fjórða stigs nám sökum eflingar landhelgisgæslunnar. Vélstjórnarnámið byggist á fjórum stigum, sem er fimm ára nám og snýst að sögn Hauks um rafmagnsfræði, kælingu og fleiri þætti auk hinnar hefðbundnu vélstjórnar. Flugnámið er hins vegar alger nýjung í framhaldsskólastarfi en enginn framhaldsskóli hefur boðið það fyrr. Í flugnáminu geta nemendur tekið allt bóklegt nám bæði til einkaflugmannsprófs og einnig atvinnuflugmanns á framhaldsskólagrunni og þurfa aðeins að kosta flugtíma sína. Atvinnuflugmannsnám krefst stúdentsprófs en nemendur geta engu að síður stundað bóklega hluta þess við Fjöltækniskólann en um stíft heilsárs nám er að ræða.

Stelpur komnar í véltækni og rafmagnsfræði

Haukur Gunnarsson, deildarstjóri og námsráðgjafi segir færast í vöxt að nemendur kjósi námsbrautir sem byggist að hluta upp á verklegu námi. Margir þeirra hugsi sér að fara í verk- og tæknifræði og telji slíkt nám gott til undirbúnings slíku framhaldsnámi rétt eins og nám í húsasmíði og tæknifræði geti reynst góður grunnur fyrir arkitektúr. En eru þá ekki nær eingöngu karlmenn sem stunda nám við fjöltækniskólann? Haukur segir það síður en svo. Jafnréttið sé smám saman að ná þangað inn og það byggist vissuleg að nokkru leyti á aukinni fjölbreytni í námsframboðinu. Stelpur séu þó engu að síðar farnar að læra til vélstjórnar og rafmagnsfræði svo dæmi séu tekin en auðvitað sé ákjósanlegt að fá fleiri stelpur í skólann og að kynjahlutfallið verði sem jafnast. Haukur kveðst hafa trú að svo eigi eftir að verða.

Líkamsrækt fyrir konur Betri heilsa á 30 mínútum



Curves
The power to amaze yourself™

Fyrir allar konur

Hringdu og pantaðu
prufutíma og líkamsmælingu

50% afsláttur af þjónustugjaldi

Curves, Bæjarlind 12 - Sími 566 6161 - curves@simnet.is



Unglingadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands er með fjölmennningarlegt unglingastarf þar sem unglingar fá tækifæri til að kynna hugsjónum Rauða krossins, taka þátt í verkefnum og láta gott af sér leiða.

Starfið er fyrir 8. - 10. bekk grunnskóla og er á miðvikudögum milli kl.17-19 á tveimur stöðum í borginni, Álfabakka 12, 2. hæð í Mjódd og Laugavegi 120, 4. hæð.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Marín Þórsdóttur í síma 545 0407 eða marin@redcross.is

The Reykjavík Department of the Icelandic Red Cross has a multicultural youth program where teenagers get a chance to experience the values of the Red Cross and participate in various projects.

The Program is intended for teenagers in grades, 8. 9. and 10. The meetings are held every wednesday between 17-19 at two locations in the city, Álfabakki 12, 2nd floor in Mjódd and also at Laugavegur 120, 4th floor of Red Cross Reykjavik.

If you have any questions regarding the program or would like to register, please contact Marín Þórsdóttir, Tel. 545 0407 or marin@redcross.is

Öskubíllinn gekk í erfðir

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri heiðraði Þórólf V. Þorleifsson, flokksstjóra og bílstjóra hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar á dögunum fyrir 50 ára dygga þjónustu við sorphirðu og sorpflutninga í þágu borgarinnar. Þórólfur sem býr í Blika-hólum í Breiðholti hóf störf hjá borginni í janúar 1957 þá 16 ára gamall og hefur starfað þar óslitið síðan. Hann hafði raunar annað í hyggju þegar hann sótti eftir starfi hjá borginni en þá þessum tíma vantaði fólk í sorphirðina og hann slóg til. Svo vill til að faðir hans starfaði einnig við sorphirðu hjá borginni og gat Vilhjálmur þess að öskubíllinn hafi gengið í erfðir þegar hann ávarpaði Þórólf í samsæti sem honum og nokkrum samstarfsmönnum hans var haldið í Kaffi Flóru í Laugardal í tilefni af þessu tímamótum á starfsferli hans.

Miklar breytingar hafa orðið í sorphirðunni frá því að Þórólfur hóf störf en hann starfaði sem venjulegur ruslakarl eða öskukarl eins og það var þá kallað fyrsta árið sitt í starfi en síðar tók hann við akstri og flokksstjórn og hefur stjórnað flokki á sama bílnum undanfarin 15 ár. Raunar er löngu hætt að kenna úrganginn við ösku og hugtökin öskubíll og öskukarl- ar heyra liðinni tíð. Mestu breytingarnar á störfum við sorphirðuna urðu þegar plasttunnurnar voru teknar í notkun en áður voru notaðar þungar járntrunnur og jafnvel olíutunnur undir úrganginn sem starfsmenn urðu að draga á sérstökum sorptrillum og losa í bílana. Einnig hefur vinnudagur-



Breiðhylltingarnir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórólfur V. Þorleifsson takast í hendur og láta góð orð falla hvor í annars garð eftir að Þórólfur tók við viðurkenningunni úr hendi Vilhjálm. “Við erum ekki að hittast í fyrsta skipti því við höfum þekkt í yfir 30 ár,” sagði Vilhjálmur við þetta tækifæri.

inn styst því áður fyrr var unnið fram á kvöld og flesta laugardaga. Um langan tíma voru það eingöngu karlmenn sem sinntu sorphirðunni en smám saman hafa konur tekið til hendi við þessa

vinnu. Jafnréttið nær “í öskuna” eins og annað svo notast sé við gamalt og nær aflagt hugtak þegar umhverfismál á borð við hreinsun úrgangs er að ræða.

Kaffi Strætó úr Mjóddinni

Allar líkur eru á að Kaffi Strætó fari úr Mjóddinni með vorinu en rekstraraðila staðarins hefur verið sagt upp húsnæðinu og á hann samkvæmt uppsögninni að rýma það í júní.

Ekki er enn ljóst hvaða starfsemi kemur í þetta húsnæði en samkvæmt heimildum blaðsins er ekki verið að rýma húsnæði Kaffi

Strætó til þess að koma fyrir spílasal þeim sem ætlaður hafði verið staður í fyrrum húsnæði ÁTVR í göngugötunni í Mjódd. Ekki er heldur ljóst hvað verður um rekstur Kaffis Strætó en eigandi staðarins mun farinn að leita fyrir sér um annað húsnæði í Breiðholti- nu þar sem starfsemi hans hefur gengið vel að undanfögnu.

Spennandi Myndlistanámskeið fyrir börn og unglinga

Korpúlfsstöðum

MYNDLISTASKÓLINN REYKJAVÍK sími 551 1990

www.myndlistaskolinn.is

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi er í Bæjarlind 2, kjallara



miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



Þessar þrjá tóku saman lagið í undanleppninni sem fór fram í Breiðholtsskóla.

Margt að gerast í Miðbergi og Hólmase­li

Þann 12 janúar var haldin undankeppni fyrir söngkeppni Samfés í samkomusalnum í Breiðholtsskóla. Þar voru flutt níu atriði og tókst keppnin vel. Salurinn var fullur af unglingum og sigurvegari kvöldsins var Sólveig Ásgeirsdóttir nemandi úr Ölduselsskóla, og mun hún taka þátt fyrir hönd Miðbergs og Hólmaseis á Samfés sem verður annan og þriðja mars.

Á meðan HM í þýskalandi stendur yfir munu Miðberg og Hólmasel sýna alla leiki á opnunartímum á breiðtjaldi. Það verður HM stofa í Miðbergi og Hólmase­li. Í febrúar verður nóg um að vera í Miðbergi og Hólmase­li. Sameiginlegt ball

verður í byrjun febrúar. Öskudagsgleði, Valentínusarball og þema vikur í listasmiðjunni í Miðbergi.

Við minnum enn og aftur á að það er opið hjá okkur á daginn og svo er bara að láta sjá sig. Hvetjum sem flesta til að koma í Miðberg og nýta sér það sem við höfum upp á að bjóða.

Miðberg óskar öllum gleðilegs nýs árs. Við minnum á opnun­nar tíma okkar frá 14-17 alla virka daga. Og frá 19:30 -22:00 á mánu­dags, miðvikudagskvöldum og til 23 á föstudögum.

Með nýju ári koma nýir hlutir, 2-3 klúbbar eru að fara í gang, Hiphop klúbbur og fjölmiðla­klúbbur.



Sólveig Ásgeirsdóttir, sigurvegari í undankeppni söngkeppni Samfés.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Kosningavetur I

Framboðin koma fæst á óvart



Flestir framboðslistar vegna Alþingiskosninganna á komandi vori hafa nú lítið dagsins ljós nema hjá Frjálslynda flokknum. Fæstir þeirra koma á óvart þótt nokkra endurnýjun sé að finna á sumum þeirra. Vafasamt er með tilliti til uppröðunar þeirra að álykta hún ein og sér skipti sköpum fyrir nokkurt framboðanna.

Tveir athyglisverðir

Hjá Sjálfstæðisflokknum má finna tvo nýja frambjóðendur sem gætu átt eftir að láta til sín taka á vettvangi þjóðmálanna. Illuga Gunnarsson í Reykjavík og Kristján Þór Júlíusson í Norðaustur kjördæminu. Báða þessa frambjóðendur hafði mátt sjá fyrir um nokkurt skeið. Illugi hefur um tíma verið að vekja á sér athygli og að nokkru með nýjum hætti þegar hann gerðist talsmaður flokks síns í umhverfismálum. Líkur eru á að þar kunni að fara næsta formannsefni Sjálfstæðisflokksins og gera má ráð fyrir að Kristján Þór eigi eftir að láta til sín taka og þá einkum sem talsmaður þeirra landshluta sem liggja utan höfuðborgarsvæðisins. Þarna gætu verið tvö ráðherraefni til framtíðar. Sjálfstæðismenn virðast bíða rólegir, að minnsta kosti enn sem komið er, og þá trúlega í von um að þeir bjóði í dans þegar kemur að stjórnarmyndun að kosningum loknum. Hverjum sem þeim þykja líklegastir til samstarf er of snemmt að velta fyrir sér en vonarglóð virðist bæði vera að finna í augum Samfylkingarfólks og Vinstri grænna þótt mökunarkvakið sé ekki hávært a.m.k. enn sem komið er.

Formanni hugnast ekki karlavæðing

Framboðslistar Samfylkingarinnar vekja ekki vonir um stórfelldar breytingar þeirra vegna. Í höfuðborginni má sjá sömu gömlu andlitin nema hvað einni fyrrum kvennalistakonu var skipt út fyrir aðra fyrrum kvennalistakonu. Helstu nýjungar má sjá í Gunnari Svavarssyni, forseta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem leiðir kragalistann og karlkyns skólastjóra á Skaganum sem skaust upp fyrir sitjandi kvennþingmann í kjördæminu. Eftirtektarvert var hversu karmönnum vegnaði vel í prófkjörum Samfylkingarinnar á landsbyggðinni og af ummælum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns í kjölfar þeirra mátti ráða að henni hugnaðist þessi karlavæðing aðeins hæfilega. Samfylkingin lifur fyrir að hafa ekki hrokkið nægilega vel saman sem einn flokkur og stríðsmenn hans og konur hafa átt í erfiðleikum með að grafa gamlar rætur sínar. Í þeim hópi er formaðurinn og það eru ekki síst kvennalistakonur sem virðast vilja halda merkjum fortíðar sinnar á lofti hversu

sterkt sem það kann annars að vera fyrir flokk sem vill kynna sig sem almennan en samhentan jafnaðarmannaflokk en ekki fylkingu ólíkra sjónarmiða og afla. Samfylkingunni er nauðsynlegt að komast í ríkistjórn að kosningum loknum eigi flokkurinn að sanna tilveru sína sem frambúðar stjórn­málafl. Nái flokkurinn ekki um 30% fylgi í kosningunum og taki ekki þátt í stjórnsamtarfi að þeim loknum er hætta á að úti verið um núverandi forystu flokksins og svilsystkinin úr Vesturbænum verði að finna sér annan starfa. Stöðugar væringar á vinstri kantinum að undanfögnu eru ekki líklegar til þess að efla þann liðssafnað til samstarf. Því þarf ekki að undra þótt farið sé að gæla við hugmyndir um samstarf Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks í kjölfar kosninga.

Í herferð

Framboðslistar Vinstri grænna eru einnig nokkuð hefðbundnir nema hvað Ögmundur Jónasson hefur nú verið sendur úr höfuðborginni í kragann umhverfis hana. Greinilega er það liður í mikilli herferð sem flokkurinn er lagður í en þeir hafa ekki átt þingmann í þessu kjördæmi. Eins má segja um Suðurnkjördæmið þangað sem Atli Gíslason, lögmaður úr Reykjavík hefur verið sendur til landvinninga en þarna er um tvö öfluga einstaklinga og stjórn­málamenn að ræða. Í norðurnkjördæmunum eiga Vinstri grænir nokkuð trausta menn; Jón Bjarnason, fyrrum skólastjóra Hólaskóla í vestur kjördæminu og sjálfan formanninn og Breiðhýltinginn Steingrím J. Sigfússon í því eystra. Kolbrún Halldórsdóttir og Katrín Jakobsdóttir eru konurnar í forystusveitinni í borginni. Kolbrún er harður talsmaður grænna viðhorfa en Katrín virðist nokkuð föst í gamla dags spjótalögum, sem einkenndu komma og krata í gegnum tíðina og bera ummæli um Margréti Frímannsdóttur, sem hún skrifaði undir ásamt fleirum á vefritinu Múrnum um áramótin og varði síðan þess greinilega merki að sú barátta er enn í fullum gangi. Herför Vinstri grænna virðist einkum beint að Samfylkingunni, greinilega í von um að flokkurinn geti orðið álíka stór og að gamla valda­jafnvægið frá því að Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag voru starfandi náist að nýju. Spurning er um hvort þeir eru komnir á fullt í baráttu við Samfylkinguna um að leggjast við hlið Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórnarsæng að kosningum loknum undir yfirskriftinni að “ekkert sé skárra en íhaldið” fremur en að efla svonefnt kaffibandalag flokkanna sem nú verma stjórnarandstöðustólana.

Breiðholtið gæti skipt máli

Framboðslistar Framsóknar-

flokksins eru að líta dagsins ljós. Eftirtektarvert er að þrjár konur skipa efstu sætin í Reykjavík suður en tveir karlar í Reykjavík norður. Ein af ástæðum þess mun vera sú að Guðjón Ólafur Jónsson, sem er í öðru sæti í norðurnkjördæminu á eftir nýjum flokksformanni Jóni Sigurðssyni, fyrrum Seðla­bankastjóra, telji sig tryggari með framtíðar þingsæti þeim megin vegna þess að Jón muni hætta fljótlega verði flokkurinn ekki í ríkistjórn eftir kosningar. Breiðhýltingurinn Jónína Bjartmarz virðist hafa nokkuð góða stöðu í Reykjavík suður og Sæunn Stefánsdóttir, sem er í öðru sætinu er nýliði, sem fólk tekur eftir. Fylgi flokksins í suður kjördæminu hefur hækkað nokkuð í skoðanakönnunum á meðan það stendur í stað í kjördæmi formannsins og verði þau úrslit þingkosninga kemst hann ekki inn á þing. Breiðholtið er í suðurnkjördæminu og gæti skipt Framsókn nokkru máli. Þar býr Jónína Bjartmarz, þingmaður og ráðherra og þar býr Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi einnig, sá sem náði að hifa fylgi flokksins úr 3% í 6% í borgarstjórnarkosningunum og koma borgarfulltrúa að. Þá býr talsvert af fólki sem er ættað af landsbyggðin í Breiðholtinu og sumt með ræður í hinni 90 ára gömlu Framsókn hvort sem þær duga þegar kemur til kosninga.

Bjarga fordómar Frjálslyndum?

Eins og fyrr segir eru framboðslistar Frjálslyndra ekki farnir að koma fram og ekki heldur ljóst hvaða aðferð þeir hyggjast hafa við val á fólki. Frjálslyndir virðast hafa í nægu að snúast að undanfögnu við að lægja öldur innan flokksins sem risu eftir að þingmenn flokksins hófu umræður um málefni fólks af erlendum uppruna og nýbúa hér á landi með þeim afleiðingum að fordómar tóku að vakna upp. Ekki virðist sjá fyrir endann á þeim deilum né hverjar afleiðingar af formannsslag Guðjóns Arnars Kristjánssonar og Margrétar Sverrisdóttur eiga eftir að verða. Nýbúaumræðan jók hinsvegar verulega við fylgi Frjálslyndra í skoðanakönnunum sem sýnir að lítið þarf til þess að vekja fordóma í garð útlendinga af dvala. Hvort sá málflutningur nægir Frjálslyndum til þess að halda þeirri fylgisaukningu fram að kosningum er óvíst og spurning er hvort og þá á hvern hátt þessi umræða mun leiða flokkinn í komandi kosningabaráttu. Athyglisvert er að lítið hefur verið minnst á Frjálslynda í umræðum að undanfögnu og þeir haft fremur hægt um sig utan flokksmúranna enda að sama skapi verið fjörugt innan þeirra.

Tilboð

20 tíma ljósakort

Kr. 7.500.-



Ljósakort:

15 tímar	Kr. 5.800.-
20 tímar	Kr. 7.500.-


Magic Tan

Viltu verða brún(n) á 50 sek.
Kíktu við eða hringdu.

Þarft þú að styrkja þig?

Ert þú með appelsínuhúð?
Viltu losna við hana?

Ert þú með slappa húð?
Prófaðu þá Slender Tone!!!



Sporthúsinu • Dalsmára 9-11 • Sími 567 8780

Orkubarinn Sporthúsinu
USN - EAS - KEA-Skyr - Powerade - Carlsberg



Myndlistaskólinn í Reykjavík á Korpúlfsstöðum

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur opnaði útibú á Korpúlfsstöðum og er útibúið rekið í tengslum við Sjónlistamiðstöðina þar sem 40 til 50 myndlistamenn og hönnuðir vinna undir sama þaki.

Skólinn býður nú þegar upp á námskeið fyrir börn frá 6 til 12 ára en mun nú bjóða upp á fleiri námskeið fyrir þennan aldurshóp ásamt unglingahóp á aldrinum 13 til 16 þar sem færi gefst á einstaklingsmiðuðu námi. Eitt megin markmið kennslunnar er að örva skapandi hugsun og persónulega tjáningu og þar með auka hæfni nemenda til að takast á við verkefni á frjóan hátt. Gengið er út frá grundvall-

aratriðum sjónlista í tvívídd og þrívídd; form, rými lit og ljós og skugga. Nemendur læra að beita ýmsum áhöldum og efnum og læra þar með að þroska almenn vinnubrögð og tilfinningu fyrir formi og efni. Með því móti er leitast við að kveikja áhuga á myndgerð og formhugsun í víðara samhengi, m.a. lista og menningarsög.

Sem dæmi um verkefni sem unnið var á haustönn má nefna stóra ævintýrasteina. Nemendur byrjuðu á að skoða myndir af hrauni og hraunmyndunum, skoðaðar voru myndir frá Dimmuborgum þar sem hægt er að greina tröll og andlit í hrauninu. Næst voru ýmsar tegundir af steinum rannsakaðir með því að teikna þá. Þá var hafist handa við að búa til grind að stein eða fjalli úr hæsnávír, gíps var síðan sett utanum grindina og síðast var sandur og ýmsir hlutir límdir á steinana þannig að til urðu augu, nef, felustaðir, mosi og ýmislegt fleira. Einnig fengu nemendur að mála fjallasýnina út um gluggann, gerðu sjálfspörtrett, unnu í leir og margt fleira. Á vorönn verður þema námskeiðanna Myndlist-Hljóð og má búast við spennandi tilraunum og verkefnum í tengslum við það, bæði í tvívídd og þrívídd. Á unglinganámskeiðinu verður byrjað á gipsmótun og afsteypum, farið verður í teikningu og málun og þemað Myndlist-Hljóð verður tekið fyrir. Á unglinganámskeiðunum er farið dýpra í tækni og aðferðir. Allir kennarar Myndlistaskólans eru starfandi myndlistamenn og hönnuðir. Verða Brynhildur Þorgeirsdóttir myndhöggvari, Sigríður Ólafsdóttir, málari og Elva J. Hreiðarsdóttir, myndlistamaður munu kenna á barnanámskeiðunum en Sari Maarit Cedergren, myndlistamaður mun kenna unglingahópnum á laugardögum.

Aldrei of seint að ganga menntavegin



Skoðið
www.namsflokkar.is

Namsflokkar Reykjavíkur

Costa blanca.is

Ertu að skipuleggja frið? Viltu leigja eign á Spáni?

Áttu eign á Spáni og vilt geta leigt hana út sjálfur?

Viltu spila golf á Spáni? Viltu leigja bíl á Spáni?

Hvað er um að vera á Spáni? Hvað er markvert að skoða?

Upplýsinga- og þjónustusiðan **www.costablanca.is** hefur svörin

Ægirningar unnu 39% allra verðlauna

Helgina 17. til 19. nóvember fór fram Íslandsmeistaramótið í sundi í 25 m. laug. Mótið var það sterkasta sem haldið hefur verið þar sem þurfti að synda töluvert hraðar til að komast í úrslit en áður hefur þekkt. Sundmenn á Íslandi þurfa sífellt að leggja meira á sig í æfingum en eru einnig jafnt og þétt að bæta árangur sinn það sást meðal annars á frábærum árangri á Íslandsmeistaramótinu.

Sundfélagið Ægir sem án efa er eitt öflugasta sundfélag landsins um þessar mundir er með heilmikið sunduppeldi í Breiðholtslauginni, meðal annars svokölluð Gullfiskanámskeið fyrir 4 til 6 ára börn, þar sem hvert námskeið stendur í átta vikur og síðan sundkennslu og þjálfun fyrir alla aldurshópa en elstu hóparnir æfa í Laugardalslauginni. Ægir var með sterkt lið á Íslandsmeistaramótinu, sundmenn félagsins voru 35 talsins frá 11 ára aldri og uppúr en í heildina voru þeir 17% allra þátttakenda. Það sýnir styrk sundfélagsins að Ægirningar unnu 39% allra verðlauna og settu þar að auki fjölmörg félagsmet, 17 Reykjavíkumet og 7 Íslandsmet. Alls 13 sundmenn frá Sundfélaginu Ægi hafa náð inni Afreks eða Unglinga-landslið Sundsambands Íslands. Sjá lista á www.sundsamband.is og á www.aegir.is. Helgina 27 til 29. janúar verður mjög spennandi alþjóðlegt sundmót á vegum Ægis - Reykjavík International en þangað koma margir sterkir sundmenn frá nágrannabjóðum okkar svo sem Skotlandi og Noregi, einnig vel þekkt sundkona og heimsmeistari frá Slóvakíu, Martina Maravcova, stundum kölluð silfur-dottningin, en hún hefur unnið til tveggja verðlauna á Ólympíuleikum, 22 á heimsmeistaramótum og



Stelpnasveit Ægis sem tók þátt í VÍS mótinu. Anna Dís Arnardóttir, Karen Jóhannsdóttir, Marta Rós Ormsdóttir og Karen Sif Vilhjálmsdóttir kræktu sér í gullið í boðsundi.



A-kvennasveitir Ægis settu fjögur Íslandsmet í boðsundum á ÍM 25, í 4x50 m. skriðsundi tvisvar sinnum, 4x50 m. fjórsundi og 4x100 m. skriðsundi. Stúlkurnar sem skipuðu sveitirnar eru frá hægri efri röð: Auður Sif Jónsdóttir, Anja Ríkey Jakobsdóttir, Ásbjörg Gústafsdóttir, Kolbrún Yr Kristjánsdóttir. Neðri röð: Jóhanna Gerða Gústafsdóttir, Olga Sigurðardóttir, Snæfríður Jóhannsdóttir og Guðrún Vaka Steingrimsdóttir.

43 á Evrópumeistaramótum. met og 16 evrópumet. Martina hefur líka sett 3 heims-

Ægisfólk á ferð og flugi

Nýlega fóru 10 sundmenn úr Ægi á mót erlendis. En þau tilheyra öll afrekshópi félagsins. Ásbjörg Gústafsdóttir fór til Skotlands og keppti í dag á skoska meistaramótinu í 25 metra laug, hún synti 200 metra fjór og bætti sinn besta tíma. Ásta var við æfingar í Edinborg í nokkra daga mótinu loknu.

Hinir tíu fóru til Belgíu á Flanders Open en það eru: Árni Már, Oddur, Baldur Snær, Jakob Jóhann, Jón Símon, Anja Ríkey, Auður Sif, Jóhanna Gerða og Olga Sigurðar. Ægiringunum gekk vel á mótinu og lengur nokkur þeirra í úrslitum. Sundfélagið Ægir varð aldursflokkameistari liða 14 ára og yngri á aldursflokkamóti meistara sem haldið var í Reykjavík 14 janúar sl. Lið Ægis hlutu 809 stig en KR næst kom með um 370 stig og rétt þar á eftir Fjölnir. Sú nýbreytni var að synt var 12 x 50 metra skriðsund;

tvær hnátur og tveir hnokkar, tvær meyar, tveir sveinar, tvær telpur og tveir drengir, skemmtilegt sund sem Ægiringar unnu.

Nokkrir sundmenn úr afrekshóp Ægiringa urðu í úrslitum á sund-

móti í Antwerpen í Belgíu nýlega. Jakob Jóhann varð í fyrsta sæti og Árni Már í þriðja sæti í 200 bringu, Jóhanna Gerða í fimmta sæti í 400 metra fjórsundi. Jón Símon varð í 7. sæti í 200 metra baksundi, Anja Ríkey í áttunda sæti í 200 baksundi og Jóhanna Gerða í níunda sæti. Stelpur í 4 x 100 metrum urðu í 6. sæti og strákar í 4 x 100 skriðsundi í sjötta sæti.

Nema hvað? - í kvöld

Hólabrekkuskóli og Árbæjar-skóli mætast í úrslitaviðureigninni um hverfismeistaratitilinn í Nema hvað? í borgarhluta þrjú í kvöld fimmtudaginn 25. janúar kl. 20:00 og fer keppnin fram í Miðbergi.

Önnur umferð Nema hvað? í borgarhluta tvö fór fram fimmtudaginn 18. janúar sl. einnig í Miðbergi. Viðureignirnar í annarri umferð voru tvær. Í þeirri fyrri mættust Árbæjarskóli og Breiðholtsskóli og í seinni viðureigninni Ölduselsskóli og Hólabrekkuskóli. Hin besta stemming var í Miðbergi þegar liðin mættu til leiks og áhorfendur hvöttu sitt fólk dyggilega. Árbæjarskóli hafði betur í fyrri viðureigninni við Breiðholtsskóla og Hólabrekkuskóli hafði betur gegn Ölduselsskóla seinna um kvöldið.



Afskorin blóm

Tilboð alla daga

Blómaskreytingar við öll tækifæri

Falleg íslensk gjafavara

Úrval handgerðra korta

10% afsláttur til eldri borgara og öryrkja

Heimsendingarþjónusta

Blóm er List

Núpalind 1 • Kópavogi • Sími 564 1199

Opið til 21 alla daga



TIL UMHUGSUNAR

Eftir séra Svavar Stefánsson

Erum við góðar fyrirmyndir?

Það eru nýliðin áramót. Það eru viss kaflaskil, tímamót. Gleðilegt ár, kæru lesendur, megi þetta barn, þessi hvítvoðungur, sem nýja árið er, verða okkur öllum til blessunar og heilla um leið og við í auðmýkt þökkum það liðna, þökkum það góða sem það færði okkur um leið og við reynum, með Guðs hjálp að sætta okkur við þau áföll og sársauka sem það kann að hafa skilið eftir.

Áramót er oft tími heitstrenginga og fyrirheita um að taka upp breytta og jákvæðari lífshætti, tími til að marka nýtt upphaf, nýtt tækifæri til að setja sér ný markmið, taka upp jákvæðari lífsstefnu.

Mér fannst forseti Íslands ítreka með smekklefum hætti í nýársávarpi sínu hve fjölskyldulíf og samvistir við börn okkar eigi nú erfiðara uppdráttar en fyrr. Forsetinn spurði hvort samfélag okkar sé í raun eins barnvænt og við höfum talið. Ýmsar rannsóknir benda til þess að svo sé ekki. Veröldin og heimurinn sem börnin okkar kynnast mótast um of af harðneskju og upplausn, að foreldrum sé ekki gert kleift að eiga lengri samverustundir með börnum sínum vegna langs vinnudags og erils. Þessi mál eru sannarlega tímabært að íhuga, hvernig við sinnum og öllum upp börnin okkar, hvaða vegarnesti og gildi við innrætum þeim til að þau verði hamingjusamir þjóðfélagsþegnar.

Okkur hættir nefnilega svo

oft til að taka ekki svona athugasemdir til okkar. Forsetinn átti við hina, segjum við. Hjá mér er allt í lagi en það er eitthvað að í uppeldinu hjá hinum! En öll þurfum við að skoða eigið líf og lífsstefnu. Og við þurfum sannarlega að íhuga hvaða gildi og siðferði við viljum innræta börnum okkar og láta þau tileinka sér. Við, fullorðna fólkið, erum fyrirmyndir barnanna og uppvoxandi kynslóðar. Undan því fáum við ekki flúið. Börnin okkar tileinka sér þau gildi og það siðferði sem við sjálf byggjum á. Því þurfum við að vanda okkur, sýna staðfestu og ákveðni um leið og við erum reiðubúin að hlusta og leiðbeina í kærleika.

Á nýársnótt s.l. urðu tveir piltar fyrir tilefnislausri líkamsárás í miðborginni, annar svo hættulegri að líklegt er að af hljótist varanlegt heilsutjón. Þeir þrír piltar sem ódæðið frömdu fundust ekki í fyrstu en myndir af þeim náðust á myndavél og voru óljósar myndir af þeim birtar í fjölmiðlum. Skömmu síðar var okkur sagt í fréttum að þeir sem voðaverkin frömdu hefðu gefið sig fram við lögreglu vegna þess að foreldrar þeirra hefðu þekkt þá af myndunum, talað um fyrir þeim og hvatt þá til að gefa sig fram. Og það gerðu þeir. Mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á staðfestu og gildismati foreldra þessara ógæfupilta. Ég tel það bera vott um þroskað gildismat og sterkt siðferði að láta börn sín og unglunga standa ábyrg gjörða sinna og játa það

sem rangt er gert. Með því gáfu þau börnum sínum skýr skilaboð um ábyrgð og afleiðingar. Um svipað leyti las ég aðra frétt í blaði um að lögreglulupjónar hefðu tekið ungan ökuníðing í 5. eða 6. skipti á skömmum tíma fyrir glæfraakstur. Og lögreglan kvartaði yfir því að annað foreldri unglingsins hefði í þessu tilfelli talið lögregluna leggja barn sitt í einelti. Hann væri góður ökumaður og ekkert óeðlilegt að hann æki á 120 til 140 km hraða á klst. Þar sem aðstæður væru góðar á þjóðvegum landsins! Hvaða skilaboð og fyrirmynd er slíkt foreldri sem réttlætir lögbrot fyrir barni sínu, hvaða lífsgildi felur það í sér að réttlæta lögbrot og glannaskap gagnvart sjálfum sér og öðrum?

Við sem fullorðin erum eigum að setja okkur hin innri markmið, gefa gaum gildum okkar, skerpa þau góðu gildi lífs okkar, hin trúarlegu gildi um það að okkur kemur annað fólk við og þá ekki síst börnin okkar og við erum ábyrg eigin gjörða. Eigum við ekki að muna að við erum fyrirmyndir - vonandi góðar fyrirmyndir? Þegar við heyrum frásagnir af hættulegri hegðan unga fólksins eigum við að spyrja okkur sjálf: Hvernig fyrirmynd er ég í svona máli, ef þetta væri mitt barn? Hver eru mín lífs- og siðferðisgildi sem ég vil að barnið mitt tileinki sér?

Hugsum um það, ekki bara á nýju ári, heldur alltaf.



Frá unglingastarfi RKÍ í Mjóddinni í Breiðholti.

Öflugt unglingastarf RKÍ í Mjóddinni

Í hverri viku, á miðvikudögum, hittist hópur unglunga í unglingastarfi Rauða kross Íslands í Mjóddinni. Þar vinna þau að fjölbreytilegum verkefnum sem tengjast starfi Rauða krossins. Þannig gefst þeim tækifæri til að láta gott af sér leiða, kynnast starfsemi Rauða krossins og fá allskonar gagnlega og skemmtilega fræðslu um leið.

Á meðal þess sem hópurinn hefur tekið sér fyrir hendur er að búa til og dreifa rauðum borðum á alþjóðlega Alnæmisdaginn. Líka hafa verið búin til jólakort sem hafa verið send eldri borgurum sem eiga ekki fjölskyldu og eru einmana. Þjálfun í skyndihjálpi er líka hluti af fjölbreyttu starfi. „Fundirnir eru mjög fjölbreyttir, stundum koma sendifulltrúar sem hafa verið við hjálparstarf í öðrum löndum og segja okkur hvernig lífið og hjálparstarfið gengur fyrir sig þar, stundum er farið í einhverjar vettvangsferðir og stundum er bara slakað á og spjallað saman

yfir pizzusneið” segir Sóley Björk Stefánsdóttir verkefnastjóri unglingastarfsins. „Ferðalög eru hluti af starfi hópsins og stefnt er á að fara í helgarferð í Alvíðru í Ölfusi í lok febrúar. Það verður lagt af stað á laugardegi og komið heim á sunnudegi og tíminn notaður til að kynnast áherslum Rauða krossins, æfa skyndihjálpi og leysa allskonar verkefni ásamt auðvitað kvöldvöku og öðrum skemmtatriðum” bætir Sóley við.

Hópurinn samanstendur af unglingum úr 8., 9. og 10. bekk sem hittast á hverjum miðvikudegi klukkan 17-19 í sal þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, Álfabakka 12, í Mjóddinni. „Það eru allir unglingar á þessum aldri velkomnir og alltaf skemmtilegt að fá fleiri í starfið og um að gera að hafa samband við okkur til dæmis með að hringja 545 0407 eða senda tölvupóst á soley@redcross.is, ef einhvern langar til að vera með”.

HYSIR.IS

	Hýsing 1	Hýsing 2	Hýsing 3	Hýsing 4
Vefsvæði allt að	50 mb	100 mb	250 mb	400 mb
Póstföng (Pop 3)	3	3	5	5
Vefaðgangur að pósti	✓	✓	✓	✓
Víruspóstsía og spamvörn	✓	✓	✓	✓
PHP / Perl / CGI / MySQL	✓	✓	✓	✓
Heimsóknatölfræði	✓	✓	✓	✓
FTP aðgangur	✓	✓	✓	✓
FrontPage aðgangur	✓	✓	✓	✓

Ódýrt og allt innifalið í stórum sem smáum hýsingarpökkum

Björg Árnadóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur skrifar:

Grunnskólanám fyrir fullorðna í Mjóddinni



Starfsemi Námsflokka Reykjavíkur fer fram í þessu húsi.

Námsflokkar Reykjavíkur hafa í boði nám í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku sem samsvarar námsefni efstu bekkja í grunnskóla. Námið er ætlað fólki eldra en 16 ára sem ekki hefur lokið grunnskólaprófi eða vill rifja upp þekkingu sína til dæmis ef það vill fara í frekara nám. Þetta nám hentar líka þeim sem vilja geta hjálpað börnunum sínum betur við heimanámið. Auk kennslu í þessum fjórum fögum er lögð áhersla á að kenna fólki að læra. Nemendum stendur til boða að sækja tíma í námstækni þar sem m.a. er kennd glósutækni, tíma-stjórnun, markmiðasetning og rit-gerðasmíð. Einnig geta nemendur fengið einkaviðtöl við náms- og

starfsráðgjafa, en þeir geta hjálpað til við að finna námsaðferðir sem henta hverjum og einum því það læra ekki allir á sama hátt. Þeir geta líka veitt ráðgjöf vegna námsörðugleika og aðstoðað þá sem hyggja á frekara nám að finna námsleiðir við hæfi. Námið er miðað við þarfir hvers og eins og nemendur fá aðstoð við að finna út á hvaða stigi er best fyrir þá að byrja. Hægt er að taka eitt fag eða fleiri og á þeim hraða sem hverjum hentar. Próf eru í boði, en valfrjáls. Hægt er að hefja námið hvenær sem er vetrarins. Frekari upplýsingar má finna á vefnum www.namsflokkar.is og í síma 567 7050, en þar fer skráning einnig fram.

Um 800 börn sáu myndskreytingarnar



Frá dagskrá með börnum sem haldin var í tengslum við sýninguna.

Rúmlega 800 átta ára skóla-börn gerðu sér ferð í Gerðuberg til að taka þátt í dagskrá í tengslum við sýninguna „Þetta vilja börnin sjá“ sem staðið hefur yfir að undanfögnu og sýndar myndskreytingar úr íslenskum barnabókum sem gefnar voru út á árinu 2006. Gerðabergssafn og Menningar-miðstöðin í Gerðubergi buðu 3. bekk grunnskóla Reykjavíkur til þessarar dagskrár og mættu börn alls staðar að úr borginni. Krakkarnir skoðuðu sýninguna, flettu í bókunum sem stillt var upp fyrir neðan verk myndskreytanna og kusu síðan þá bók sem heillaði

þau mest. Þau tóku einnig þátt í ratleik og spurningakeppni um þekktar sögupersónur á Gerðubergssafni. Í lokin var lesið fyrir þau upp úr þeirri bók sem hlaut flest atkvæðin í hópnum. Dagskráin miðaði að því að efla lestrarlöngun barna, sem eru nýbúin að læra að lesa sér til ánægju. Jafnframt var lögð áhersla á að börnin væru virkir þátttakendur og að heimsóknin væri bæði spennandi og fræðandi upplifun. Þetta er stærsta samstarfsverkefni bókasafnsins og Menningarmiðstöðvarinnar til þessa og þar sem vel tókst til mun þessi viðburður væntanlega verða endurtekinn.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Íslandsmet í 4x200 metrum

ÍR-ingarnir, Steinar Thors, Snorri Sigurðsson, Heimir Þórisson og Einar Daði Lárusson settu Íslandsmet í 4x200 m. boðhlaupi í sveinaflokki á bætingamóti ÍR í Laugardalshöllinni 18. desember sl. Tími þeirra var 1:36.94 sek. eða meðaltími upp á 24.24 sek. Þá bættu ÍR-stelpur Íslandsmetið í 4x200 m. boðhlaupi í flokki

12 ára og yngri þegar þær hlupu á 1:57.04 sek. og meðaltíminn því 29.26 sek. Í stelpnasveitinni hlupu Jóhanna Kristín Jóhannesdóttir, Elísa Margrét Pálmadóttir, Arna Stefanía Guðmundsdóttir og Dórothea Jóhannsdóttir. Einar Daði Lárusson var nærri því að bæta met Brynjars Gunnarssonar ÍR í stangarstökki sveina en tókst ekki að þessu sinni. Fanney

Björk Tryggvadóttir stökk 3.40 m. og er greinilega í bætingaformi. Helga Þráinsdóttir stökk 1.55m. í hástökki og sýndi að stutt er í bætingu hjá henni. Snorri Sigurðsson hjó nærri sínu besta í 800 m. er hann hljóp á 2:04.62 mín. Arna Ómarsdóttir og Sandra Pétursdóttir bættu sig báðar með kvennakúlunni, Arna kastaði 9.60 m. og Sandra 9.53 m.

Glæsilegur árangur hjá ungu keppnisliði

Fjöldi ÍR-inga tók þátt í áramóti Fjölnis og Landsbanka Íslands þann 30. desember í Laugardalshöllinni og voru margir þeirra að bæta sinn persónulega besta árangur auk þess sem þrír settu íslensk aldursflokkamet. Helstu má nefna að Einar Daði Lárusson setti nýtt sveinamet í 400 m. hlaupi þegar hann hljóp á 50.48 sekúndum, þetta er 8. Íslandsmet Einars Daða á árinu 2006 en auk þess hefur hann verið meðlimur fimm boðhlaupssveita sem sett hafa Íslandsmet á árinu. Reyndar var þetta “móment” eftirminnilegt fyrir Einar Daða þar

sem á sömu sekúndunum og hann var að setja metið í 400 m missti hann nýjasta Íslandsmetið sitt í stangarstökki til Bjarka Gíslasonar UFA. Björg Gunnarsdóttir bætti met stöllu sinnar Kristínar Lív Ólafsdóttur í 800 m. hlaupi, í flokki 12 ára og yngri, þegar hún hljóp á 2:35,84 mín. Dóróthea Jóhannsdóttir bætti metið í 200 m. hlaupi stelpna 12 ára og yngri þegar hún hljóp á 27,73 sek. Helga Þráinsdóttir sigraði hástökki stökk 1.55 m. og Hekla Rún Ámundadóttir 11 ára gömul stökk 1,50 m. og reyndi við Íslandsmet í 12 ára flokki en tókst ekki að þessu sinni. Fann-

ey Björk Tryggvadóttir sigraði í stangarstökki með 3.30 m. og Hulda Þorsteinsdóttir bætti sig og stökk 3.05 m. Arna Ómarsdóttir bætti sig í kúluvarpi meylla með 11,55 m. kasti og sama gerði Ingi Guðni Garðarsson í kúluvarpi sveina þegar hann varpaði 4 kg. kúlunni 14,82 m. Bæting um hálfan metra hjá Inga. Ína Björk Helga-dóttir varð önnur í 60 m. grinda-hlaupi telpna og bætti sig, hljóp á 10.57sek. Snorri Sigurðsson bætti sig í síðustu grein mótsins og hljóp 1500 metrana á 4:25.01 mín. Glæsilegur árangur hjá okkar unga og efnilega keppnisliði.

Uppskeruhátíð Framfara

Þriðja uppskeruhátíð Framfara, hollvínafélags millivegalengda- og langhlaupara var haldin 29. nóvember sl. Þar fór fram verðlauna-afhending fyrir heildarstigakeppni í hlaupaseríu New Balance og Framfara en eins og nafnið bendir til

var New Balance styrktaraðili hlaupsins. Herdís Helga Arnalds Breiðablik sigraði í heildarstigakeppni kvenna með fullt hús stiga, Fríða Rún Þórðardóttir ÍR varð í 2. sæti og hin unga Björg Gunnarsdóttir ÍR í 3. sæti. ÍR varð sigurvegari í

heildarstigakeppni kvennaliða. Í karlakeppninni sigraði Kári Steinn Karlsson Breiðablik, Þorbergur Ingi Jónsson Breiðablik varð í 2. sæti og Burkni Helgason ÍR í því 3. Breiðablik varð sigurvegari í liðakeppninni.

Samstarfssamningur ÍR við Vífilfell

Á dögunum var undirritaður samningur ÍR við Vífilfell til ársins 2010. Þetta er samningur sem gerður var fyrir allar deildir félagsins og eru öll unglinga- og foreldraráð meðtalin.

Það eru ákvæði í samningi þessum þar sem við megum einungis versla vörur hjá þeim eins og t.d. gosdrykki. Ég vil því biðja alla þá

sem eru að versla vörur í nafni félagsins hjá Vífilfelli að hafa samband við undirritaðan eða Sigrúnu Grétu, íþróttafulltrúa.

Útsalan í fullum gangi 20 - 50 % afsláttur

Leiksport Sími 5575020 Hólagarði

ÍR hundrað ára í mars

Íþróttafélag Reykjavíkur nær þeim merka áfanga að verða 100 ára þann 11. mars n.k. Ýmislegt verður gert til gamans á afmælisárinu og má t.d. nefna bók sem gefin verður út og spannar 100 ára sögu félagsins. Ýmiskonar samstarf verður milli skóla og ýmsir íþróttaviðburðir verða í tilefni þessara merku tímamóta en hápunkturinn verður að sjálf-söggðu á afmælinu sjálfu.

ÍR-ingar ætla að efna til veglegrar afmælishátíðar 10. mars. Þá verður sérstök dagskrá fyrir yngri kynslóðina í íþróttahúsinu í Selja-skóla sem verður öllum að kostnaðarlausu. Tilvalið verður fyrir alla fjölskylduna að koma sam-



an og eiga góða og skemmtilega stund. Þar verða m.a. hoppukast-alar, ýmis leiktæki, töframaður og önnur skemmtiatriði ásamt góðum veitingum. Um kvöldið verður hátíð í íþróttahúsinu í Austurbergi fyrir 18 ára og eldri. Þar verður matarveisla með þriggja rétta máltíð, veittar verða viðurkenningar, dansleikur haldinn að því loknu. Er von ÍR-inga að fjölmennt verði

á þessar skemmtanir og fólk geti átt góðar stundir saman. Þess má geta að miðar á hátíðina í Austurbergi verða seldir á skrifstofu í ÍR-heimilinu og verður það auglýst þegar nær dregur. Daginn eftir eða sunnudaginn 11. mars á sjálf-an afmælisdaginn verður boðið uppá kaffiveitingar í ÍR-heimilinu frá kl. 14.00 til 17.00.

ÍR-ingar mæta Grindvíkingum

ÍR-ingar léku við Skallagrím í átta liða úrslitum í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar 9. janúar s.l. ÍR-ingarnir reyndust sterkari eins og í leiknum milli jóla og nýárs og eru þar með komnir í undanúrslit.

Þar mæta þeir Grindvíkingum í Grindavík þann 28. janúar og nú skora forystumen ÍR á alla til að fjölmenna á þennan leik því leikmenn þurfi á öllum stuðningi að halda. Grindvíkingar eru sýnd veiði en alls ekki gefin. Þeim hefur

gengið illa í leikjum sínum í deildinni upp á síðkastið, en virðast nú vera að rétta úr kútnum. ÍR-ingar munu heldur betur mæta tilbúnir í þennan leik, verst að menn geta varla beðið svona lengi.

Íslandsmet í desember

Tvö ÍR-ungmenn settu Íslandsmet í 600m hlaupi á bætingamóti Fjölnis sem fram fór í Laugardalshöllinni 16. desember sl.

Það voru þau Snorri Sigurðarson sem hljóp á 1:28.10 mín. og

setti met í sveinaflokki 15 til 16 ára og Björg Gunnarsdóttir sem keppir í 12 ára flokki en hún hljóp á 1:47.12 mín. Á bætingamóti ÍR, 29. desember bætti Einar Daði Lárusson sveinametið í stangar-

stökki sem haldið var í Laugar-dalshöll. Einar tvíbætti met félaga síns Brynjars Gunnarssonar sem var 3,73 m. Fyrst stökk Einar Daði 3,74 m. og svo 3,80 m.

Snorri einn sá efnilegasti

Snorri Sigurðsson ÍR sannaði rækilega að hann er einn efnilegasti í millivegalengdahlaupi sem fram hefur komið á Íslandi á bætingamóti ÍR í Laugardalshöllinni þann 27. desember. Snorri gerið sér lítið fyrir og bætti 12 ára gamalt sveinamet Sveins Margeirssonar UMSS þegar hann sigraði í hlaupinu á 2:00,8 mín., sem er bæting um rúmar þrjár sekúndur.

Kristín Líf Ólafsdóttir ÍR hjó nærri stelpnameti sínu í 800 m. þegar hún hljóp á 2:38.0 mín. og Aníta Hinriksdóttir ÍR aðeins 10 ára gömul hljóp 800 m. á 2:39,6 mín. sem er frábær tími hjá svo ungri stelpu. Einar Daði Lárusson ÍR bætti sig vel í 60 m. hlaupi þegar hann hljóp á 7.29 sek. og hjó nærri sveinametum bæði í 60 m. grind og stangarstökki Heimir Þór-

isson ÍR bætti sig í 60 m. hlaupi er hann hljóp á 7.68 sek. Birna Þórisdóttir ÍR, systir Heimis, sigraði í 60 m. hlaupi á 8,28 sek. og Dóróthea Jóhannesdóttir ÍR varð þriðja á 8.48 sek. en hún er aðeins 12 ára gömul. Alda Grave ÍR bætti sig í 60 m. hlaupi er hún hljóp á 8.56 sek. Dóróthea stökk síðan 10.34 m. í þristökki, en hún setti á dögnum stelpnamet í þessari grein þegar hús stökk 10.48 m. Sandra Pétursdóttir ÍR varpaði kvennakúlunni í fyrsta skipti yfir 10 m. nákvæmlega 10.18 m. Arna Ómarsdóttir ÍR bætti sig einnig með kvennakúlunni með 9.63 m. Kristborg Ámundadóttir ÍR stórbætti sig með 3 kg. kúlunni kastaði 11.20 m. og Valdis Anna Þrastardóttir ÍR bætti sig einnig vel með 10.19 m. kasti. Arna, Kristborg og Valdis eru allar á fyrra ári

í meyjaflokki og hafa því nógan tíma til að taka metin sem þar standa. Hekla Ámundadóttir ÍR, systir Kristborgar, bætti sig einnig verulega í kúluvarpi 12 ára stelpna þegar hún kastaði 11.38 m. Afrek Heklu er næst lengsta kast í flokki 12 ára stelpna frá upphafi hér á landi. Ingi Guðni Garðarsson ÍR bætti sig um tæpan hálfan meter í kúluvarpi sveina með 14.33 m. kasti og Guðmundur Sverrisson ÍR kastaði 12,58 m og bætti sig einnig. Einar Daði bætti sig í stangarstökki með 3.60 m. stökki og Ármann Óskarsson ÍR bætti sig í sömu grein stökk 2.70 m. og varð þriðji. Margir aðrir ÍR-ingar bættu sig vel á þessu móti og nokkrir nýliða reyndu sig í ýmsum greinum í fyrsta skipti.



Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

Haukur Loftsson, formaður handknattleiksdeildar ÍR skrifar:

Ekki ólíklegt að við förum alla leið

Fyrir hönd meistaraflokks karla í handbolta langar mig að gera síðasta ár upp. Árið 2006 byrjaði á því að strákarnir, það er meistaraflokkurinn fór til að byggja sig upp fyrir komandi átök í fyrstu deildinni, sem átti eftir að harðna þar sem tvö lið skyldu falla, það er að á tímabilinu 2006 til 2007 skyldu vera tvær deildir.

Þessi ferð hafði náð sínum tilgangi þegar tímabilinu 2005 til 2006 lauk liðið náði að vera í efri hlutanum eftir æsispennandi lokasprett og sigur í síðasta leik. Eftir þennan leik tilkynntu Finnbogi og Júlíus að þeir hefðu ákveðið að hætta þjálfun og viljum við senda þeim bestu þakkir fyrir góð ár með ÍR. Eftir þennan síðasta leik var ennfremur tilkynnt hver yrði eftirmaður þeirra eins og allir handboltaunnendur vita þá er það Erlendur Ísfeld. En enn og aftur þurftum við að horfa upp á það að meirihlutinn úr byrjunarliðinu hvarf á braut og hélt á vit ævintýranna erlendis. En eins og við vitum þá er afskaplega erfitt að missa marga góða menn á sama tíma, enda sýnir það sig hvað yngri flokka starfið og uppbyggingin hefur verið góð hjá okkur en þar sem við misstum flesta okkar reynslubolta þá þurftum við að leita af nýjum leikmönnum út fyrir liðið sem er mjög blóðugt þar sem ekki eru margir hér á landi sem gætu fyllt skarð þeirra sem fóru en þó eru til einstaka leikmenn hér heima sem gengu til liðs við okkur. Við höfum skoðað þennan pakka að fá útlendinga til liðs við okkur enn því miður höfum við ekki peninga né bolmagn til að fjármagna svoleiðis dæmi þar sem það hefur verið þrautin þyngri að finna “sponsora” og alltaf þarf maður að vera að suða í sömu aðilunum til að fá sporslur og það er enginn launung að hérna í Breiðholti eru það tvö fyrirtæki sem hafa verið virkilega vinveitt okkur

Það eru þín verslun Seljabraut 54 og Landsbankinn í Mjódd og viljum senda við þeim bestu þakkir fyrir. Núna þegar þetta er ritað í byrjun árs 2007 eru strákarnir en og aftur komir til Kanarí til að byggja sig upp fyrir komandi átök sem framundan eru í deildinni, og bikarkeppni þar sem við erum komnir í fjögurra liða úrslit. Og fyrst, að liðið er komið þetta langt í bikarnum finnst mér það ekkert ólíklegt að við förum alla leið, það er í Höllina 10. mars í úrslitaleikinn eins og við gerðum með eftirminnilega hætti í mars 2005. Þá vorum við taldir minna liðið eins og í dag þar sem keppinautar okkar í fjögurra liða úrslitum eru ofar í deildinni en annað kom þó á daginn við vorum miklu betri á gólfinu og í stúkunni með áhorfendur sem áttunda mann í liðinu, en því miður eftir þennan frábæra leik í Höllinni í mars 2005 hafa varla sest fleiri en 100 til 150 manns á leikjum og er það þessi fasti kjarni sem hefur stutt liðið í gegnum síurt og sætt. Maður spyr sig oft að því hvort það séu til margir dyggir stuðningsmenn hjá ÍR. Ef ég svara þessu sjálfur þá held ég ekki, ef þeir eru einhvers staðar til þá viljum við í stjórninni endilega sjá þá á öllum leikjum en ekki bara á einum úrslitaleik. Við sem störfum í kringum handboltann erum flest búnir að starfa mjög lengi í kringum hann þá er ég að tala um unglingsflokkana og meistaraflokkinn, því miður eins og með alla aðra sjálfböðvinnu hefur okkur tekist illa að fá nýtt fólk inn í starfið það er einna helst ættingjar eða vinir sem hafa komið inn í starfið með okkur. En núna á afmælisárinu okkar þegar ÍR verður 100 ára þann 11. mars þá heldur maður alltaf í vonina að nýtt fólk fari að starfa með okkur því að þetta er mjög skemmtilegt og gefandi að vinna að þessu uppbygginga starfi hérna í Breiðholti.

Með handboltakveðju.

Þakkar fyrir flugeldaviðskiptin

Knattspyrnudeild ÍR þakkar öllum iðkendum, aðstandendum þeirra og öðrum velunnurum deildarinnar fyrir samstarfið á liðnu ári og óskar öllum góðs gengis á nýju ári. Við viljum sérstaklega þakka Breiðhyltingum og öðrum fyrir viðskiptin á flugelda-

markaðnum, en salan hjá ÍR tókst með ágætum í ár. Einnig viljum við þakka Landsbankanum fyrir stuðninginn en þeir gerðu okkur kleift að halda flugeldasýninguna þetta árið. Nú er spennandi ár framundan og vonumst við til þess að sjá sem flesta á vellinum.

Sjálfsvarnaríþróttin Taekwondo kennd hjá ÍR

Taekwondo er ólympíuþrótt sem allir geta stundað. Hún hæfir nánast hverjum sem er, óháð aldri, kynferði, og líkamlegu ástandi. Sem dæmi má nefna að hjá Taekwondo deild ÍR er starfræktur öflugur barnahópur og í fullorðinsflokkum hafa verið þó nokkrir nemendur sem eru á fimmtugsaldri og jafnvel eldri og gefa þeir hinum yngri ekkert eftir. Þá skipa konur stóran hluta nemenda.

Þjálfunin er miðuð við hæfni hvers og eins og gildir það jafnt um börn og fullorðna. Auðvitað er það þó svo með Taekwondo eins og annað að sumir æfa af kappi og

verða afreksmenn en aðrir stunda íþróttina ánægjunnar vegna og sjálfum sér til andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar. Slysaförni í Taekwondo er mjög lág. Hún er t.d. mun lægri en í ýmsum vinsælum boltaleikjum t.d. handbolta og fótbolta. Upphitun er ávallt góð, teygjuæfingar minnka til muna hættu á tognunum og þess háttar meiðslum og öryggis er alltaf gætt við framkvæmd æfinga. Það er því ekkert að óttast því þótt Taekwondo gangi að stórum hluta til út á að læra bardagatækni þá læra nemendur einnig að forðast að beita aðra ofbeldi. Sá sem notar Taekwondo til að beita aðra

ofbeldi ótilneyddur er ekki sannur Taekwondo-maður og hefur engan veginn skilið tilganginn með Taekwondo. Byrjendaæfingar eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 19:00 og laugardögum kl. 10:30 Framhaldsæfingar eru á mánudögum kl. 20:00, þriðjudögum og fimmtudögum kl. 20:30 og laugardögum kl. 10:30. Áhugasamir skulu ekki hika við að mæta á æfingu og athuga hvort Taekwondo sé ekki eitthvað fyrir þá. Allar nánari upplýsingar er að finna á glæsilegri heimasíðu félagsins www.irtaekwondo.net

Heimasíða
ÍR er
www.irsida.is
Þar er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um æfingatíma keppnir o.fl.


GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

www.bonus.is